**Bæjarstjórn Garðabæjar 11. (833)/2018**

Boðað er til 11. (833). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 6. september 2018 kl. 17:00 í Safnaðarheimilinu Kirkjuhvoli.

Dagskrá:

1. 1808019F - Fundargerð bæjarráðs frá 21/8 '18.
2. 1808026F - Fundargerð bæjarráðs frá 28/8 '18.
3. 1808035F - Fundargerð bæjarráðs frá 4/9 '18

   1703045 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi nýtt deiliskipulag fyrir áfanga 1-4 í austurhluta Urriðaholts.

   1504148 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi deiliskipulag Lundahverfis.

   1806403 - Afgreiðsla skipulagsnefndar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Molduhrauns varðandi lóðina við Miðhraun 24.

   1702322 - Afgreiðsla skipulagsnefndar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Bessastaða.
4. 1807016F - Fundargerð íþrótta- og tómstundaráðs frá 17/8 '18.
5. 1808021F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 24/8 '18.
6. 1808013F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 30/8 '18.
7. 1808022F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 29/8 '18.
8. 1801390 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 27/8 '18.
9. 1801175 - Fundargerð stjórnar SSH frá 13/8 '18.
10. 1805157 - Fundargerð stjórnar SHS frá 17/8 '18.
11. 1801362 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 17/8 '18.
12. 1801146 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 17/8 '18.
13. 1802055 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins frá 17/8 '18.
14. 1809036 - Tillaga Garðabæjarlistans um framsetningu forgangsröðunar stefnumála meirihluta.
15. 1809035 - Tillaga Garðabæjarlistans um víðtækara samráð og samvinnu.
16. 1707051 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2018 - lántaka.

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri.

**Bæjarstjórn Garðabæjar**
**10. (832). fundur 2018**

Fimmtudaginn 16. ágúst 2018 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í Safnaðarheimilinu Kirkjuhvoli.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Sigríður Hulda Jónsdóttir, Jóna Sæmundsdóttir, Almar Guðmundsson, Björg Fenger, Gunnar Einarsson, Stella Stefánsdóttir, Sara Dögg Svanhildardóttir, Ingvar Arnarson og Valborg Á Warén.

Fundargerð ritaði Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður.

Gunnar Valur Gíslason, forseti bæjarstjórnar setti fund og stjórnaði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 21. júní 2018 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 1806033F - Fundargerð bæjarráðs frá 26/6 '18.**

Fundargerðin sem er 26 tl. er samþykkt samhljóða.

**2. 1806040F - Fundargerð bæjarráðs frá 3/7 '18.**

Fundargerðin sem er 31 tl. er samþykkt samhljóða.

**3. 1807005F - Fundargerð bæjarráðs frá 10/7 '18.**

Fundargerðin sem er 6 tl. er samþykkt samhljóða.

**4. 1807013F - Fundargerð bæjarráðs frá 17/7 '18.**

Ingvar Arnarson, ræddi 8. tl., tillögu umhverfisnefndar um viðurkenningar fyrir snyrtilegt umhverfi.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi sama mál.

Fundargerðin sem er 14 tl. er samþykkt samhljóða.

**5. 1807019F - Fundargerð bæjarráðs frá 24/7 '18.**

Fundargerðin sem er 7 tl. er samþykkt samhljóða.

**6. 1807026F - Fundargerð bæjarráðs frá 31/7 '18.**

Fundargerðin sem er 4 tl. er samþykkt samhljóða.

**7. 1808009F - Fundargerð bæjarráðs frá 14/8 '18.**

Ingvar Arnarson, ræddi 10. tl., samning um ráðningarkjör bæjarstjóra og lagði fram eftirfarandi tillögur.

„Garðabæjarlistinn leggur til að 5. grein samnings sem fjallar um bifreiðahlunnindi bæjarstjóra verði felld út."

Greinargerð.
Garðabæjarlistinn telur að hér sé um óþarfa aukakostnað fyrir skattgreiðendur í Garðabæ og að launagreiðslur til bæjarstjóra dugi vel fyrir rekstri á bifreið.

Þá lagði Ingvar til að verði tillaga um 5. gr. samningsins felld komi eftirfarandi tillaga til afgreiðslu.

„Garðabæjarlistinn leggur til að 5. grein samnings sem fjallar um bifreiðahlunnindi bæjarstjóra verði breytt í eftirfarandi: Garðabær lætur bæjarstjóra í té rafmagns bifreið vegna starfsins og greiðir af henni allan rekstrarkostnað. Bæjarstjóra eru heimil einkaafnot af bifreiðinni og greiðir skatta vegna þeirra samkvæmt reglum ríkisskattstjóra um hlunnindamat."

Greinargerð.
Garðabæjarlistinn telur mikilvægt að fylgja umhverfisstefnu bæjarins og sé mikilvægt að breyta þessari grein. Við viljum að bæjarstjóri fari fyrir með góðu fordæmi og noti umhverfisvænan samgöngumáta.

Ingvar lagði einnig fram eftirfarandi tillögu.

„Garðabæjarlistinn leggur til að 9. grein samnings verði breytt í eftirfarandi: Laun samkvæmt 2. tl., skulu greidd í sex mánuði eftir að starfi lýkur."

Greinargerð.
Það er nokkuð ljóst að yfirvinnu þarf ekki að greiða eftir að starfi lýkur og teljum við í Garðabæjarlistanum að þarna sé óvarlega farið með skattpening Garðbæinga.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi framlagðar tillögur.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi framlagðar tillögur.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi framlagðar tillögur.

Tillaga um að fella út 5. gr. í ráðningarsamningi bæjarstjóra er felld með sjö atkvæðum (GVG,ÁHJ,SHJ,JS,AG,BF,SS) gegn þremur (SDS,IA,VÁW).

Tillaga um breytingu á 5. gr. í ráðningarsamningi bæjarstjóra er felld með sjö atkvæðum (GVG,ÁHJ,SHJ,JS,AG,BF,SS) gegn þremur (SDS,IA,VÁW).

Tillaga um breytingu á 9. gr. í ráðningarsamningi bæjarstjóra er felld með sjö atkvæðum (GVG,ÁHJ,SHJ,JS,AG,BF,SS) gegn þremur (SDS,IA,VÁW).

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri vék sæti við umræðu og afgreiðslu tillagna um breytingu á ráðningarsamningi bæjarstjóra.

Fundargerðin sem er 10 tl. er samþykkt samhljóða.

**8. 1806013F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 14/6 '18.**

Fundargerðin lögð fram.

**9. 1807014F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 26/7 '18.**

Ingvar Arnarson, ræddi 6. tl. samstarf við Félag eldri borgara í Garðabæ um heilsueflingu.

Almar Guðmundsson, ræddi sama mál.

Fundargerðin lögð fram.

**10. 1808004F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 9/8 '18.**

Fundargerðin lögð fram.

**11. 1807009F - Fundargerð leikskólanefndar frá 9/8 '18.**

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 2. tl., þróun á starfsumhverfi leikskóla – umsókn um stöðuaukningu inn á hverja deild.

Gunnar Einarsson, ræddi sama mál.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi sam mál. Þá ræddi Áslaug Hulda 3. tl., leyfi til daggæslu í heimahúsum.

Sigríður Hulda ræddi 2. tl., þróun á starfsumhverfi leikskóla – umsókn um stöðuaukningu inn á hverja deild.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi að nýju 2. tl. þróun á starfsumhverfi leikskóla – umsókn um stöðuaukningu inn á hverja deild.

Fundargerðin lögð fram.

**12. 1806038F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 29/6 '18.**

Stella Stefánsdóttir, ræddi 5. tl., tillögu um breytingu á mörkum friðlýsts svæðis að Hliði.

Ingvar Arnarson, ræddi 4. tl., tillögu að byggingu reiðskemmu hestamannafélagsins Sóta.

Gunnar Einarsson ræddi 4. tl., tillögu að byggingu reiðskemmu hestamannafélagsins Sóta og 1. tl., tillögur að endurbótum á gatnamótum Hafnafjarðarvegar við Vífilsstaðveg og Lyngás.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 1. tl., tillögur að endurbótum á gatnamótum Hafnafjarðarvegar við Vífilsstaðveg og Lyngás.

Fundargerðin lögð fram.

**13. 1806043F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 4/7 '18.**

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 4. tl., tillögur um breytingu á mörkum friðlýsts svæðis að Hliði, 2. tl., kynning á djúpgámum, 6. tl., niðurstöður mengunarmælinga í maí og 10. tl., viðurkenningar fyrir snyrtilegt umhverfi.

Ingvar Arnarson, ræddi 6. tl., niðurstöður mengunarmælinga í maí og 8. tl., hundabann á varptíma.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 2. tl., kynning á djúpgámum. Þá ræddi Áslaug Hulda plastlausan september.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi að nýju 2. tl., kynning á djúpgámum. Þá ræddi Jóna plastlausan september og 8. tl., hundabann á varptíma.

Fundargerðin lögð fram.

**14. 1807012F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 12/7 ´18.**

Fundargerðin lögð fram.

**15. 1801390 - Fundargerðir heilbrigðisnefndar frá 28/5 og 16/7 ´18.**

Fundargerðin lögð fram.

**16. 1801362 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 4/7 ´18.**

Jóna Sæmundsdóttir, kvaddi sér hljóðs og minnti á skóflustungu nýrrar gas- og jarðgerðarstöðvar.

Fundargerðin lögð fram.

**17. 1805157 - Fundargerð stjórnar SHS frá 15/6 ´18.**

Fundargerðin lögð fram.

**18. 1808125 - Tillaga Garðabæjarlistans um gagnsærri stjórnsýslu**

Sara Dögg Svanhildardóttir, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu.

„Garðabæjarlistinn leggur til að bæjarstjórn feli yfirmönnum bæjarfélagsins alfarið um að taka ákvarðanir um launað námsleyfi almennra starfsmanna Garðabæjar í hvaða formi sem sótt er um slíkt í samráði við mannauðstjóra og fjármálasvið bæjarins.
Þannig verði horfið frá því að kjörnir fulltrúar komi með beinum hætti að aðstöðu einstakra starfsmanna.
Garðabæjarlistinn leggur því til samhliða þessari breytingu að í fjárlögum sé gert ráð fyrir fjármagni í endurmenntun almennra starfsmanna.
Garðabæjarlistinn leggur fram reikniaðgerð með tillögunni sem leiðir til þess að það liggi fyrir hvaða fjárveiting er í boði ár hvert til að mæta slíkum umsóknum og óþarft að ákvörðun um starfskjör einstaka starfsmanna fari fyrir kjörna fulltrúa.“

Greinargerð
Tillaga Garðabæjarlistans er hluti af áherslu á gagnsærri og faglegri stjórnsýslu þar sem m.a. kjörnir fulltrúar eru ekki að fara með ákvarðanir sem auðvelt er að setja inn í ferla stjórnsýslunnar með skýrum reglum um framkvæmd. Þess vegna leggur Garðabæjarlistinn til að bætt verði við núverandi reglur í mannauðsstefnu, um hvernig sí og endurmenntun er fjármögnuð og hvernig úthlutun fer fram. Það er mikilvægt að það sé gert með miðlægum hætti til að tryggja jafnræði milli starfsmanna óháð því hvar þeir starfa. Og um leið að gera beina aðkomu kjörinna fulltrúa óþarfa með sterkri og faglegri stjórnsýslu.
Á fjárhagsáætlun hvers árs skal bæjarstjórn marka fjárheimildir til sí- og endurmenntunar starfsmanna. Stefnt skal á að sú fjárhæð nemi um 0,7% af áætluðum launum og launatengdum gjöldum sveitarfélagsins viðkomandi ár, að frádregnum lífeyrisskuldbindingum. Ákvörðun um hlutfallið skal bæjarstjórn taka árlega við gerð fjárhagsáætlunar og bóka í fundargerð.
Fjármagnið skal nýta til greiðslu beins kostnaðar vegna námsins, svo sem námskeiðs- og ráðstefnugjalda, kaupa á fræðsluefni og leigu á aðstöðu til námskeiðahalds. Utan við fjármögnun sjóðsins er kostnaður vegna ferða og gistingar starfsmanna.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi framlagða tillögu og lagði til að vísa henni til bæjarráðs.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi framlagða tillögu.

Bæjarstjórn samþykkir að vísa framlagðri tillögu til bæjarráðs.

**19. 1808124 - Tillaga Garðabæjarlistans um félagslegt húsnæði - stefnumótunarvinna**

Valborg Á Warén kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu.

„Garðabæjarlistinn leggur til að bæjarstjórn setji af stað stefnumótunarvinnu varðandi félagslegt húsnæði og úr verði stefna Garðabæjar í vegna húsnæðisvanda fyrir fólk í almennum og sértækum úrræðum svipað og Reykjavíkurborg hefur þegar gert. Að Garðabær verði í fararbroddi og öðrum sveitarfélögum fyrirmynd er eitthvað sem ætti að stefna að. Lagt er til að fari fram greining á núverandi stöðu, þörfinni til framtíðar og hvernig forvarnir þurfa að vera til staðar og einnig þarf að vera til staðar neyðarúrræði þegar uppkoma aðstæður sem krefjast snöggrar afgreiðslu. Enn fremur að skoðuð verði markmið og framtíðarsýn og hvert sé lögbundin hlutverk Garðabæjar og að hvaða leyti bæjarfélagið vill ganga lengra sem og verði mótuð samskipti við önnur sveitarfélög við úrlausn mála utangarðsfólks og að skýrt sé tekið á hlutverki Garðabæjar í þessum málaflokki.
Garðabæjarlistinn leggur enn fremur til að samhliða stefnumótun fari fram greining á því hvers vegna þeir 44 einstaklingar sem hófu umsóknarferli fyrir félagslegu húsnæði á síðasta kjörtímabili fluttu úr sveitarfélaginu áður en umsóknarferli lauk. Að fari fram greining á því hversu langur biðtíminn er og hvernig hægt sé að stytta hann því skv. umboðsmanni Alþingis er biðtími eftir félagslegu húsnæði of langur. Þó að efnið eigi að meginstefnu við um Reykjavíkurborg þá eigi það líka við um önnur sveitarfélög.“

Greinargerð.
Það er ótækt að ekki sé til stefna um hvernig eigi að bregðast við þeirri þörf sem er til staðar fyrir félagsleg húsnæði né framtíðarsýn. Biðlistinn eftir slíku úrræði er langt frá því að vera langur eða óyfirstíganlegur. Umfang slíks úrræðis eins og það er í dag í sveitarfélaginu getur seint talist Garðabæ til tekna. Garðabæjarlistinn telur mikilvægt að gera þar bragabót á sem allra fyrst. Nýútkomin umrædd skýrsla umboðsmanns Alþingis um stöðu heimilslausra í Garðabæ kallar ekki síður á skjót viðbrögð þess efnis að sett verði af stað vinna við að gera markvisst betur í húsnæðismálum þeirra sem þurfa á félagslegu úrræði að halda og um það megi finna stefnu og framkvæmdaráætlun til framtíðar. Slíkt getur komið fyrir okkur öll og Garðabæjarlistinn telur það vera forgangsmál fyrir Garðabæ sem og önnur sveitarfélög.
Mikilvægt er að viðunandi neyðarúrræði sé til staðar í bæjarfélaginu á meðan beðið er eftir varanlegu úrræði. Þessi aðstoð verður að fullnægja lágmarkskröfum stjórnarskrár og má ekki vera hugsuð til langtíma. Þetta á m.a. við þegar aðstoð felst í því að sá sem þess þarf eigi kost á húsnæðisúrræði til úrlausnar á húsnæðisvanda sínum. Hafi sveitarfélag ákveðið að nýta svigrúm sitt til að útfæra aðstoðina með öðrum hætti s.s. með fjárhagsaðstoð, lánveitingum eða framboði af félagslegum eignaríbúðum, verða úrræðin sem gripið er til einnig að vera til þess fallinn að tryggja efnislegan lágmarksrétt. Garðabæjarlistinn vill úttekt á því hvort allir íbúar sem þurfi á félagslegum úrræðum að halda hjá Garðabæ hafi tryggðan lágmarksrétt. Og stefna sett til framtíðar hvernig tryggja skal þann rétt.
Í áliti umboðsmanns segir ennfremur að sveitastjórnir skulu, eftir því sem kostur er og þörf sé á, tryggja framboð á leiguhúsnæði, félagslegum kaupleiguhúsnæði og/eða félagslegum eignaríbúðum handa þeim einstaklingum og fjölskyldum sem ekki séu á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrgðar eða annarra félagslegra aðstæðna. Garðabæjarlistinn leggur til að gerð verði úttekt og greint fyrir stefnumótun fyrir málaflokkinn hvort Garðabær uppfylli þessi skilyrði.

Almar Guðmundsson, ræddi framlagða tillögu og lagði til að vísa henni til bæjarráðs.

Gunnar Einarsson, ræddi framlagða tillögu.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi framlagða tillögu.

Bæjarstjórn samþykkir að vísa framlagðri tillögu til bæjarráðs.

**20. 1808123 - Tillaga Garðabæjarlistans um hinsegin fræðslu - heilsueflandi samfélag**

Sara Dögg Svanhildardóttir, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu.

„Garðabæjarlistinn leggur til að bæjarstjórn óski eftir gerð þjónustusamnings við Samtökin '78 um hinsegin fræðslu sem nýtist sem flestu starfsfólki Garðabæjar og um leið börnum og ungmennum. Garðabæjarlistinn leggur áherslu á tvenns konar inntak samnings. Annars vegar markvissa hinsegin fræðslu til ungmenna á grunnskólastigi og hins vegar almenna fræðslu fyrir starfsfólk Garðabæjar þar sem starfsfólki leik- og grunnskóla er veitt sérstök fræðsla en einnig þar sem boðið verður upp á hinsegin fræðslu fyrir allt starfsfólk. Uppræting fordóma er eina leiðin til þess að hinsegin fólk njóti öryggis í samfélaginu. Garðabæjarlistinn vill að markviss hinsegin fræðsla verði eitt þeirra markmiða sem falla undir heilsueflandi samfélag, enda er andleg líðan stór og mikilvægur þáttur góðrar heilsu."

Greinargerð.
Mannréttindi eru ekki sjálfsögð. Þetta veit hinsegin fólk, sem hefur barist fyrir réttindum sínum áratugum saman. Á Íslandi hefur mikill árangur náðst í þeirri baráttu, þótt enn sé langt í land á mörgum sviðum. Þrátt fyrir breytta tíma mætir hinsegin fólk enn fordómum og jafnvel andúð í samfélaginu. Nýlegar rannsóknir, m.a. á Íslandi, sýna að hinsegin ungmenni eru líklegri til þess að glíma við kvíða og þunglyndi auk þess sem þau íhuga frekar að skaða sig og að stytta sér aldur. Þessi staða er óásættanleg og Garðabær er í góðri aðstöðu til þess að leggja sitt af mörkum til þess að bæta líðan barna og ungmenna í bænum og jafnframt stuðla að opnara, fordómalausara og heilbrigðara samfélagi.
Fræðsla upprætir fordóma. Hinsegin fólk sem fær eindreginn stuðning frá fjölskyldu og nærsamfélagi á mun auðveldara uppdráttar en þau sem mæta mótlæti. Fræðsla um hinsegin mál er mikilvæg fyrir allt samfélagið, en ekki síst fyrir hinsegin ungmenni, hinsegin foreldra, börn hinsegin fólks og aðra aðstandendur, kennara, leiðbeinendur og aðra sem þjónusta þessa hópa. Hinsegin fræðsla kemur öllum þessum hópum vel. Bæði eykur það lífsgæði hinsegin fólks að það sé almenn meðvitund um málefni þeirra í nærsamfélaginu, en jafnframt eykur það öryggi fagfólks til þess að takast á við málefni sem eru þeim e.t.v. framandi.
Hinsegin málefni eru flókin og margslungin auk þess sem þau eru síbreytileg. Þess vegna er ákaflega mikilvægt að þau sem koma að fræðslu um hinsegin mál séu sérfræðingar. Garðabæjarlistinn leggur einnig áherslu á það að hinsegin fræðsla þarf að eiga sér stað óháð viðhorfum einstaka stjórnenda. Það má ekki vera minnsti möguleiki á því að fordómar nái að leita sér skjóls. Hinsegin fræðsla hefur hingað til verið valkvæð í skólum Garðabæjar, en það þýðir að færri fá notið hennar en ella. Við teljum að hinsegin fræðsla eigi erindi við öll ungmenni og allt starfsfólk bæjarins. Garðabæjarlistinn vill að Garðabær lýsi yfir fullum stuðningi yfir réttindabaráttu hinsegin fólks og sýni í verki að við tökum hinsegin fræðslu alvarlega. Með því að óska eftir þjónustusamningi við Samtökin '78 sendum við skýr skilaboð um að Garðabær sé upplýst samfélag þar sem öllum manneskjum er sýnd virðing.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi framlagða tillögu og lagði til að vísa henni til bæjarráðs.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi að nýju, framlagða tillögu.

Valborg A Warén, ræddi framlagða tillögu.

Björg Fenger, ræddi framlagða tillögu.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi að nýju framlagða tillögu.

Bæjarstjórn samþykkir að vísa framlagðri tillögu til bæjarráðs.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar 16. ágúst 2018 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)
Valborg Á Warén, (sign)
Jóna Sæmundsdóttir, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Gunnar Einarsson, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Stella Stefánsdóttir, (sign)

**Bæjarráð Garðabæjar**
**29. (1844). fundur 2018**

Þriðjudaginn 21. ágúst 2018 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Sigurður Guðmundsson, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Katrín Friðriksdóttir, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **1707051 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2018 - viðauki 3.**
   Á fund bæjarráðs mætti Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri og gerði grein fyrir tillögu að viðauka nr. 3 við fjárhagsáætlun 2018 er varðar breytingar á framkvæmdayfirliti 2018.

   Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja eftirfarandi viðauka nr. 3 við fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2018, samkvæmt 2. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

| | |
|---|---|
| Urriðaholtsskóli | kr. 500.000.000 |
| Fjölnota salur | kr. 150.000.000 |
| Ásgarður - nýtt parketgólf | kr. 60.000.000 |
| Fjölnota íþróttahús (lækkun) | kr. -270.000.000 |
| Útilífsmiðstöð skáta (lækkun) | kr. -20.000.000 |
| Endurbætur sundlaugar í Ásgarði | kr. 170.000.000 |
| Álftanesskóli - viðbygging | kr. 60.000.000 |
| Samtals - hækkun | kr. 750.000.000 |
| | |
| Tekin ný langtímalán | kr. 750.000.000 |

2. **1807175 - Haustakur 1 - Umsókn um byggingarleyfi**
   Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Ólafi Páli Snorrasyni, kt. 220482-5969 leyfi til að byggja einbýlishús að Haustakri 1.

3. **1806237 - Víkurgata 21 - Umsókn um byggingarleyfi**
   Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Hákoni Bergmann Óttarssyni, kt. 270869-4839 leyfi til að byggja einbýlishús að Víkurgötu 21.

4. **1803423 - Bréf íþróttafulltrúa um aðsóknartölur og opnunartíma sundlauga Garðabæjar, dags. 09.08.18.**
   Lögð fram samantekt íþróttafulltrúa um aðsóknartölur í sundlaug Garðabæjar í Ásgarði en tilraun var gerð í sumar að hafa opnunartíma til kl. 22:00 alla daga vikunnar. Þá var einnig ákveðið að hafa ókeypis fyrir börn yngri en 18 ára.

   Bæjarráð samþykkir að opnunartími verði áfram til kl. 22:00 á virkum dögum en til kl. 18.00 um helgar. Bæjarráð samþykkir jafnframt að áfram verði ókeypis fyrir börn yngri en 18 ára í anda yfirlýsingar um að Garðabær sé heilsueflandi samfélag.

Bæjarráð vísar til fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019 að kanna nánar kostnaðarauka við lengdan opnunartíma sundlaugar um helgar.

5. **1808167 - Bréf Hestamannafélagsins Spretts um niðurfellingu fasteignagjalda árið 2018, dags. 15.08.18.**
   Bæjarráð samþykkir að veita Hestamannafélaginu Spretti styrk að fjárhæð kr. 1.973.408 til greiðslu fasteignagjalda árið 2018.

6. **1808123 - Tillaga Garðabæjarlistans um hinsegin fræðslu - heilsueflandi samfélag.**
   Bæjarráð vísar tillögunni til umfjöllunar í skólanefnd, leikskólanefnd og íþrótta- og tómstundaráðs.

7. **1808124 - Tillaga Garðabæjarlistans um félagslegt húsnæði - stefnumótunarvinna.**
   Bæjarráð vísar tillögunni til umfjöllunar í fjölskylduráði.

8. **1808125 - Tillaga Garðabæjarlistans um gagnsærri stjórnsýslu.**
   Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að endurskoða reglur bæjarins um styrki til starfsmanna vegna námsleyfa o.fl. þannig að ákvarðanir um afgreiðslu séu teknar innan viðkomandi sviða samkvæmt heimild í fjárhagsáætlun hverju sinni og í samráði við mannauðsstjóra.

   Bæjarráð vísar tillögunni til stefnumótunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019 hvað varðar framkvæmd og fjármögnun á umsóknum starfsmanna um sí- og endurmenntun.

9. **1804130 - Bréf Skipulagsstofnunar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hnoðraholts og Vetrarmýrar, dags. 08.08.18.**
   Bæjarráð vísar bréfinu til umfjöllunar í skipulagsnefnd.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 21. ágúst 2018 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigurður Guðmundsson, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)

**Bæjarráð Garðabæjar**
**30. (1845). fundur 2018**

Þriðjudaginn 28. ágúst 2018 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason, varamaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Katrín Friðriksdóttir, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón E. Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **1707051 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2018 - lántaka**
   Á fund bæjarráðs mætti Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri og gerði grein fyrir tillögu um lántöku, hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð kr. 750.000.000, verðtryggt með 2,60% breytilegum vöxtum, sbr. viðauki 3 við fjárhagsáætlun 2018. Bæjarráð vísar afgreiðslu málsins til bæjarstjórnar.

2. **1806189 - Vinastræti 14 - 16 (16-18) - Umsókn um byggingarleyfi**
   Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita ÞG Íbúðum ehf., kt. 600115-0220 leyfi til að byggja fjölbýlishús með 15 íbúðum að Vinastræti 14-16.

3. **1807179 - Sunnuflöt 42 - Umsókn um byggingarleyfi**
   Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Kjartani G. Björgvinssyni, kt. 060366-3819 leyfi fyrir endurbótum og viðbyggingu við núverandi einbýlishús að Sunnuflöt 42.

4. **1808270 - Bréf Þjóðskjalasafns Íslands varðandi skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila, dags. 16.08.18.**
   Lagt fram bréf Þjóðskjalasafns Íslands þar sem áréttað er, í tengslum við gildistöku nýrra laga um persónuvernd og miðlun persónuupplýsinga, að ekki er heimilt að eyða nokkru skjali í skjalasafni afhendingarskyldara aðila nema með heimild þjóðskjalavarðar samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn.

5. **1808318 - Bréf Brynju - Hússjóðs ÖBÍ varðandi umsókn um stofnframlag, dags. 16.08.18.**
   Bæjarráð felur bæjarstjóra að ræða við bréfritara.

6. **1808342 - Bréf Reykjavíkur varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi, iðnaðarsvæði fyrir efnisvinnslu við Álfsnesvík, dags. 23.08.18.**
   Bæjarráð vísar bréfinu til umfjöllunar skipulagsnefndar.

7. **1808350 - Bréf SSH varðandi tillögu að breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins varðandi breytt vaxtamörk við Álfsnes, dags. 23.08.18.**
   Bæjarráð vísar bréfinu til umfjöllunar skipulagsnefndar.

8. **1808354 - Bréf Hjalta Steinþórssonar, lögmanns f.h. umbj varðandi tilboð um sölu húsnæðis að Njarðargrund 2, dags. 23.08.18.**
Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar bæjarstjóra.

9. **1808338 - Bréf Björns Þorra Viktorssonar, lögmanns varðandi kröfu um miskabætur vegna frávísunar úr skóla, dags. 20.08.18.**
Bæjarráð felur Andra Árnasyni, lögmanni að gæta hagsmuna bæjarins í málinu.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 28. ágúst 2018 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)

**Bæjarráð Garðabæjar**
**31. (1846). fundur 2018**

Þriðjudaginn 4. september 2018 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Sigurður Guðmundsson, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Katrín Friðriksdóttir, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **1808443 - Líkamsárásir - öryggi og eftirlit í Garðabæ.**
   Á fund bæjarráðs mættu Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri, Karl Steinar Valsson, yfirmaður rannsóknardeildar og Ásgeir Þór Ásgeirsson, yfirmaður almennrar deildar.

   Rætt um nýlega atburði í Garðabæ þar sem veist var að ungum stúlkum og kom fram að rannsókninni miðar vel. Umræða var um á hvern hátt hægt er að auka eftirlit og tryggja öryggi almennt í samfélaginu.

2. **1808082 - Rjúpnahæð 13 - Umsókn um byggingarleyfi.**
   Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Orra Sigurðssyni, kt. 030379-4709, leyfi til að reisa garðskála á lóð núverandi einbýlishúss að Rjúpnahæð 13.

3. **1703045 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi nýtt deiliskipulag fyrir áfanga 1-4 í austurhluta Urriðaholts.**
   Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um nýtt deiliskipulag fyrir austurhluta Urriðholts, samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst og bárust athugasemdir og liggja fyrir svör við athugasemdum. Á tillögunni hafa verið gerðar eftirfarandi breytingar. Stígur við heimreið golfskála Odds verður færuð austan við heimreið. Byggingarreitir og útfærsla bifreiðageymslna að Holtsvegi 53, 55 og 57 breytast.
   Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga.

4. **1805050 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi staðarvísi fyrir Háholtið í Urriðaholti.**
   Bæjarráð samþykkir að staðarvísir Urriðaholts verði hafður að leiðarljósi við uppbyggingu í Urriðaholti og kynntur sem handbók eða leiðbeiningarit fyrir íbúum, eigendum, hönnuðum, verktökum o.fl. sem koma að málum í Urriðaholti.

5. **1504148 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi deiliskipulag Lundahverfis.**
   Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að auglýsa til kynningar að nýju tillögu að deiliskipulagi Lundahverfis, samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga.

6. **1804367 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi rammahluta aðalskipulags fyrir Vífilsstaðaland og Hnoðraholt.**
   Lögð fram til kynningar.

7. **1706017 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi erindi Barnaverndarstofu um lóð fyrir meðferðarheimili.**
Bæjarráð samþykkir með vísan til umfjöllunar skipulagsnefndar að áfram verði unnið að því að finna meðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu stað á Vífilsstaðahálsi (gegnt Kjóavöllum).

Ingvar Arnarson lagði fram eftirfarandi bókun:
„Garðabæjarlistinn fagnar beiðni Barnaverndarstofu og telur að Garðabær eigi að styðja heilshugar við þessa hugmynd. Garðabær hefur næg svæði sem gætu hentað fyrir slíkt meðferðarheimili, svæði sem eru hlýleg, aðlaðandi og í tengingu við náttúruna. Það er því von Garðabæjarlistans að viðræður geti hafist sem allra fyrst."

8. **1806403 - Afgreiðsla skipulagsnefndar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Molduhrauns varðandi lóðina við Miðhraun 24.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Molduhrauns samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga, vegna lóðarinnar við Miðhraun 24. Í breytingunni felst stækkun lóðar, breytingar á aðkomu, breyting á byggingarreit ofl.

9. **1806437 - Afgreiðsla skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi Iðnbúðar og Smiðsbúðar varðandi lóðina við Smiðsbúð 6.**
Bæjarráð samþykkir með vísan til 3. ml. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að tillaga að breytingu á deiliskipulagi Iðnbúðar og Smiðsbúðar vegna lóðarinnar við Smiðsbúð 6 verði send til meðferðar Skipulagsstofnunar enda voru ekki gerðar neinar athugasemdir við tillöguna í athugasemdafresti auglýsingar.

10. **1806304 - Afgreiðsla skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi Flata barðandi lóðina við Tjarnarflöt 12.**
Bæjarráð samþykkir með vísan til 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Flatahverfis vegna lóðarinnar við Tjarnarflöt 12. Tillagan var grenndarkynnt samkvæmt 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga og bárust engar athugasemdir. Breyting skal send Skipulagsstofnun og auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.

11. **1702322 - Afgreiðsla skipulagsnefndar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Bessastaða.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 um breytingu á deiliskipulagi Bessastaða. Tillagan skal auglýst samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga. Áður en tillagan verður auglýst eiga að liggja fyrir umsagnir Minjastofnunar, Vegagerðarinnar og Umhverfisstofnunar.

12. **1704011 - Afgreiðsla skipulagsnefndar um tillögu að deiliskipulagi Holtstúns.**
Afgreiðslu frestað.

13. **1712136 - Afgreiðsla skipulagsnefndar um drög að tillögu vegna breytinga á aðalskipulagi Reykjavíkur og svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins - vaxtarmörk í Álfsnesi.**
Afgreiðslan varðar drög að tillögu vegna breytinga á aðalskipulagi Reykjavíkur og svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins varðandi iðnaðarsvæði fyrir efnisvinnslu við Álfsnesvík. Frestur til að skila umsögn er til 20. september og þá verður boðað til kynningarfundar fyrir miðjan september. Skipulagsnefnd telur ekki ástæðu til athugasemda.

**14. 1806453 - Útboð - Vetrarþjónusta göngu- og hjólaleiða í Garðabæ 2018-2021.**
Lögð fram eftirfarandi tilboð eftir yfirferð.

| | |
|---|---|
| Vegaál - Vegmerking ehf. | kr. 34.981.668 |
| Íslenska gámafélagið ehf. | kr. 37.362.000 |
| Garðlist ehf. | kr. 39.300.000 |
| Gröfuverk ehf. | kr. 41.533.332 |
| Hreinsitækni ehf. | kr. 42.474.000 |
| | |
| Kostnaðaráætlun | kr. 39.900.000 |

Tilboð lægstbjóðanda uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru til hæfni og reynslu í grein 0.1.3. í útboðsskilmálum en bjóðandi hefur ekki unnið sambærilegt verk að umfangi á síðast liðnum 5 árum og yfirstjórnandi verksins hefur ekki 5 ára reynslu af sambærilegum verkefnum. Þá hefur bjóðandi ekki skilað lýsingu á gæðastjórnunarkerfi eins og áskilið er í grein 0.5.2 í útboðsgögnum.

Tilboði lægstbjóðanda er af ofangreindum ástæðum hafnað.

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði næst lægstbjóðanda Íslenska gámafélagsins með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og felur bæjarverkfræðingi afgreiðslu málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup þarf að líða 10 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings en um er að ræða innkaup yfir viðmiðunarfjárhæðum Evrópska efnahagssvæðisins.

Vetrarþjónusta göngu- og hjólaleiða var áður boðin út í byrjun júní en á fundi bæjarráðs sem var haldinn 3.júlí sl. var samþykkt vísan til ágalla í auglýsingu, og að öðru leyti við framkvæmd útboðsins, að hafna öllum tilboðum og auglýsa útboðið að nýju.

**15. 1808414 - Bréf mennta- og menningarmálaráðuneytis varðandi aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun í íþrótta- og æskulýðsstarfi, dags. 22.08.18**
Bæjarráð vísar bréfinu til íþrótta- og tómstundaráðs og felur ráðinu að taka tillögur starfshóps ráðuneytisins um aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldi í íþrótta- og æskulýðsstarfi til umfjöllunar með íþrótta- og æskulýðsfélögum í Garðabæ.

**16. 1808385 - Bréf Náttúruhamfaratryggingar Íslands varðandi nýtt heiti stofnunar, dags. 21.08.18.**
Lagt fram.

**17. 1808083 - Umsagnarbeiðni vegna kröfu um afturköllun á rekstrarleyfi veitingastaðar að Garðatorgi 4.**
Bæjarráð samþykkir að áður en umsögn verði veitt láti rekstraraðili mæla að nýju högghljóðeinangrun frá eldhúsi í framhaldi af úrbótum á húsnæðinu.

**18. 1808474 - Bréf Norrænafélagsins í Garðabæ um styrk vegna norrænnar menningarhátíðar, dags. 30.08.18.**
Bæjarráð vísar bréfinu til afgreiðslu menningar- og safnanefndar.

**19. 1808482 - Bréf Umhverfisstofnunar um áætlanir um úrbætur í fráveitumálum, dags. 30.08.18.**
Bæjarráð vísar bréfinu til úrvinnslu og afgreiðslu hjá tækni- og umhverfissviði.

20. **1808480 - Bréf Leiksmiðjunnar Friggjar varðandi stuðning við leikhús í Garðabæ, dags. 30.08.18.**
Bæjarráð vísar bréfinu til afgreiðslu menningar- og safnanefndar.

21. **1808484 - Bréf Þjóðskrár Íslands um nýtt fasteignamat 2019, dags. 27.08.18.**
Lagt fram.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 4. september 2018 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigurður Guðmundsson, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)

**Íþrótta- og tómstundaráð Garðabæjar**
**1. fundur 2018**

Föstudaginn 17. ágúst 2018 kl. 17:00 kom íþrótta- og tómstundaráð Garðabæjar saman til fundar í íþróttamiðstöðinni Ásgarði.

Fundinn sátu: Björg Fenger aðalmaður, Þorri Geir Rúnarsson aðalmaður, Stefanía Magnúsdóttir aðalmaður, Guðrún Jónsdóttir aðalmaður, Guðjón Pétur Lýðsson aðalmaður, Kári Jónsson íþróttafulltrúi og Gunnar Richardson tómstundafulltrúi.

Fundargerð ritaði: Kári Jónsson íþróttafulltrúi.

Fyrsti fundur ÍTG á kjörtímabilinu 2018 til 2022

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **1805271 - Brynjar Bogi Valdimarsson - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar**

   ÍTG samþykkir að veita Brynjari Boga Valdimarssyni ferðastyrk að upphæð 20.000,-

2. **1805291 - Friðrik Anton Jónsson - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar**

   ÍTG samþykkti á fundi sínum 17. ágúst sl. að veita Friðriki Antoni Jónssyni ferðastyrk að upphæð 20.000,-

3. **1805292 - Friðrik Anton Jónsson - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar**

   ÍTG samþykkti á fundi sínum 17. ágúst sl. að veita Friðriki Antoni Jónssyni ferðastyrk að upphæð 20.000,- (styrkur 2).

4. **1805309 - Magnús Helgi Lúðvíksson - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar**

   ÍTG samþykkti á fundi sínum 17. ágúst sl. að veita Magnúsi Helga Lúðvíkssyni ferðastyrk að upphæð 20.000,-

5. **1805310 - Magnús Helgi Lúðvíksson - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar**

   ÍTG samþykkti á fundi sínum 17. ágúst sl. að veita Magnúsi Helga Lúðvíkssyni ferðastyrk að upphæð 20.000,- (2. ferðastyrkur)

6. **1708469 - Reiðskóli fyrir fatlað fólk**

   Erindi Hestamannafélagsins Harðar var lagt fyrir til kynningar og nefndarfólk hvatt til að kynna sér það starf sem fram fer hjá þeim fyrir fatlaða einstaklinga.

7. **1806030 - Samstarf um heilsueflingu við FEBG**

   ÍTG tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í bréfi FEBG um mikilvægi þeirra forvarna sem felast í þjálfunartengdri heilsueflingu þar sem skipulögð hreyfing kemur í stað kyrrsetu og telur áhugavert að kannaðir séu nánar möguleikar á umræddu samstarfi. Samþykkt að leita til Janusar Guðlaugssonar til að fá kynningu á verkefninu og upplýsingar um leiðir til að efla heilsurækt og vellíðan meðal eldri íbúa Garðabæjar.

Íþróttafulltrúa falið að leita til Janusar til að fá kynningu fyrir ÍTG og fjölskylduráð.

8. **1807047 - Forgangsmarkmið samþykkt vegna heimsmarkmiðanna**

   Tillögur verkefnastjórnar að forgangsröðun heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna sem ríkisstjórn Íslands samþykkti nýlega kynnt en aðkoma sveitarstjórna verður rædd nánar á landsþingi sveitarfélaga. Rætt um að markmið heilsueflandi samfélags í Garðabæ samræmist alheimsmarkmiðum Sameinuðuþjóðanna.

9. **1804130 - Hnoðraholt og Vetrarmýri, dsk br v. fjölnota íþróttahúss**

   Deiliskipulagsbreyting Hnoðraholts og Vetrarmýrar kynnt og rætt um undirbúning á byggingu fjölnota íþróttahúss í Vetrarmýrinni.

10. **1806424 - FEBG v/bocciakeppni á Landsmóti UMFÍ**

    Samþykkt var að greiða keppnisgjald þátttakenda í bocciakeppninni á Landsmóti UMFÍ. ÍTG fagnar þeim mikla krafti sem er í íþrótta- og tómstundastarfi FEBG.

11. **1806201 - Tillaga um systkina- og fjölgreinaafslátt**

    Formaður ÍTG ásamt oddvita Garðabæjarlistans eru boðaðar í næstu viku á kynningarfund hjá Stjörnunni um hvernig staðið er að málum varðandi verðskrár og afsláttarkjör til iðkenda. Rætt um að hitta önnur félög á næstu vikum þar sem verðskrár og afsláttarkjör verða m.a. rædd.

12. **1710153 - Aldarafmæli sjálfstæðis og fullveldis Íslands**

    Tilmæli um að minnast fullveldis Íslands í tengslum við viðburði á vegum íþrótta- og tómstundaráðs á árinu kynnt nefndarmönnum.

Undir önnur mál var rætt um að fundartímar verði kl. 20.00 þriðja þriðjudag í mánuði. Næsti fundur verður þriðjudaginn 18. september nk. á Álftanesi til að fá kynningu á starfi félaganna þar.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

**Menningar- og safnanefnd Garðabæjar**
**1. fundur 2018**

Föstudaginn 24. ágúst 2018 kl. 08:15 kom menningar- og safnanefnd Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason formaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Bjarndís Lárusdóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður og Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Formaður bauð nefndarmenn velkomna til fyrsta fundar
menningar- og safnanefndar á nýju kjörtímabili 2018-2022.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **1808275 - Verkefni menningar- og safnanefndar**

   Skjalið „Samantekt um atriði sem varða starfshætti nefnda", dags. 25.06.2018, var lagt fram og kynnt.
   Farið var yfir hlutverk og starfsemi menningar- og safnanefndar en nefndin starfar í umboði bæjarstjórnar Garðabæjar að eflingu lista- og menningarlífs í Garðabæ. Farið var yfir glærukynningu þar sem helstu verkefni á sviði menningarmála og menningarstofnanir Garðabæjar voru kynntar.
   Stefna í menningarmálum Garðabæjar frá árinu 2005 var lögð fram og kynnt.
   Drög að starfsáætlun nefndarinnar fyrir starfsárið 2018-2019 var lögð fram og rædd.

   Ákveðið að fundartími nefndarinnar verði föstudagur kl.08:15. Upplýsingastjóri mun uppfæra starfsáætlun nefndarinnar miðað við það og senda aðal- og varamönnum ásamt skjalinu „Samantekt um atriði sem varða starfshætti nefnda" og kynningunni á helstu verkefnum á sviði menningarmála og menningarstofnunum bæjarins.

2. **1802204 - Menningar- og fræðamiðstöð í Garðabæ**

   Skýrsla starfshóps um menningar- og fræðamiðstöð í Garðabæ, dags. 27. apríl 2018, var lögð fram og rædd.

Öðrum fundarliðum var frestað og verða teknir fyrir á næsta fundi nefndarinnar.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

**Skipulagsnefnd Garðabæjar**
**10. fundur 2018**

Fimmtudaginn 30. ágúst 2018 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson formaður, Lúðvík Örn Steinarsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir aðalmaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur, Anna Guðrún Gylfadóttir byggingarfulltrúi, Guðbjörg Brá Gísladóttir verkefnastjóri og Sólveig Helga Jóhannsdóttir skipulagsfræðingur.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **1703045 - Deiliskipulag áfanga 1-4 í austurhluta Urriðaholts**

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Austurhluta Urriðaholts að lokinni auglýsingu sem fór fram 23.maí til 4.júlí. 3 erindi með athugasemdum hafa borist.
Lögð fram greinargerð deiliskipulagshöfunda með tillögum að svörum við athugasemdum. Hrafnhildur Brynjólfsdóttir skipulagsfræðingur hjá Alta gerði grein fyrir greinargerðinni.
Lögð fram athugasemd Urriðaholts ehf þar sem lagðar eru til breytingar á skipulagi lóðanna Holtsvegur 53 til 57. Skipulagsnefnd telur að þær breytingartillögur séu til bóta fyrir skipulag lóðanna.
Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna sem deiliskipulag Austurhluta Urriðaholts í samræmi við 41.grein skipulagslaga nr.123/2010 með eftirfarandi breytingum:
-Stígur við heimreið að golfskála verði austan heimreiðar.
-Byggingarreitir og útfærsla bifreiðageymslna að Holtsvegi 53, 55 og 57 breytast skv. tillögu Urriðaholts ehf.
Skipulagsnefnd samþykkir svör til þeirra sem gera athugasemdir sem fram eru sett í framlagðri greinargerð.

2. **1805050 - Staðarvísir fyrir Háholtið í Urriðaholti, Garðabæ**

Þráinn Hauksson landslagsarkitekt hjá Landslagi ehf gerði grein fyrir tillögu að staðarvísi fyrir háholt Urriðaholts.
Skipulagsnefnd leggur til að bætt verði við leiðbeiningum varðandi útfærslu skjólveggja á lóðum og samræmi þeirra við markmið deiliskipulagins.
Skipulagsnefnd samþykkir staðarvísinn fyrir sitt leyti.

3. **1808367 - Urriðaholt - skjólveggir**

Skipulagsstjóri gerði grein fyrir stöðu mála varðandi útfærslur á skjólveggjum sem eru víða að rísa á lóðum í Urriðaholti. Sumir skjólveggjanna eru ekki í samræmi við deiliskipulag.
Skipulagsnefnd beinir því til tækni- og umhverfissviðs að koma því á framfæri við

húsbyggjendur, húsfélög í Urriðaholti og fasteignasala að mikilvægt sé að útfærsla veggja gangi ekki gegn markmiðum um yfirbragð hverfisins og fylgi gildandi deiliskipulagi. Mælir nefndin með því að gerðar verði skýringarmyndir sem sýni dæmi um útfærslur á skjólveggjum og gróðri sem séu í samræmi við deiliskipulagsáætlanir í Urriðaholti. Þá er lagt til að tækni- og umhverfissvið hafi samband við þá sem byggt hafa skjólveggi sem ekki samræmast deiliskipulaginu.

4. **1504148 - Lundahverfi - nýtt deiliskipulag.**

Lögð fram ný tillaga að deiliskipulagi Lundahverfis þar sem að nú er gert ráð fyrir ákvæðum um bílageymslur sem eru óbreyttar frá því sem verið hefur. Ekki er gert ráð fyrir fjölgun deilda í leikskólanum Lundabóli. Lögfræðiálit mælir með því að tillagan verði auglýst að nýju. Skipulagsnefnd vísar tillögunni til auglýsingar í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr.123/2010. Ljúka skal gerð húsakönnunar.

5. **1804367 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030-Breyting 1-Vífilstaðaland-rammahluti.**

Lagðar fram þær ábendingar og umsagnir sem borist hafa vegna tillögu að verkefnislýsingu aðalskipulagsbreytingarinnar. Skipulagsráðgjöfum og skipulagsstjóra falið að vinna áfram að mótun rammaskipulagstillögu Vífilsstaðalands sem verður grundvöllur aðalskipulagsbreytingartillögu.

6. **1706017 - Fyrirspurn um lóð fyrir nýtt meðferðarheimili á höfuðborgarsvæðinu**

Skipulagsstjóri gerði grein fyrir umleitan Barnaverndarstofu um að Garðabær finni meðferðarheimili viðeigandi stað innan marka sveitarfélagsins og í útjaðri byggðar. Lögð fram þarfagreining sem unnin hefur verið fyrir Barnaverndarstofu vegna starfsemi meðferðarheimilis. Skipulasstjóri kynnti þá hugmynd að meðferðarheimili yrði fundinn staður á Vífilsstaðahálsi (gengt Kjóavöllum). Skipulagsnefnd tekur undir þá hugmynd og felur tækni-og umhverfissviði að vinna áfram að með málið, sérstaklega þarf að fara yfir með Barnaverndastofu tímafresti varðandi umrædda lóð enda er hún utan vaxtamarka höfuðborgarsvæðsins samkvæmt Svæðisskipulagi og á þróunarsvæði samkvæmt Aðalskipulagi Garðabæjar sem enn er ekki deiliskipulagt.

7. **1804130 - Hnoðraholt og Vetrarmýri, dsk br v. fjölnota íþróttahúss**

Tillaga að breytingu deiliskipulags Hnoðraholts og Vetrarmýrar lögð fram að lokinni auglýsingu sem fram fór 11. júní til 27. ágúst. Lagðar fram umsagnir og athugasemdir sem borist hafa vegna tillögunnar.
Skipulagsstjóri og bæjarverkræðingur gera grein fyrir fundi með Skipulagsstofnun vegna umsagnar stofnunarinnar. Tillögunni vísað til frekari skoðunar hjá tækni- og umhverfissviði.

8. **1806403 - Miðhraun 24, breyting á dsk Molduhrauns**

Lögð fram tillaga lóðarhafa að breytingum á deiliskipulagi Molduhrauns sem nær til lóðarinnar Miðhraun 24.
Skipulagsnefnd samþykkir að vísa tillögunni til auglýsingar í samræmi við 1.mgr.41.gr. skipulagslaga nr.123/2010.

9. **1806437 - Smiðsbúð 6, dsk br, byggingarreitur á baklóð.**

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu deiliskipulags Iðnbúðar og Smiðsbúðar sem nær til lóðarinnar Smiðsbúð 6 sem gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits á baklóð og stoðveggjar á lóðarmörkum. Engar athugasemdir hafa borist. Tillagan skoðast því

samþykkt sbr. 2. mgr. 43. gr. og 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr.123/2010.

**10. 1806304 - Tjarnarflöt 12 - byggingareitur stækkun**

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Flata sem nær til lóðarinnar Tjarnarflöt 12 að lokinni grenndarkynningu. Engar athugasemdir hafa borist. Tillagan skoðast því samþykkt sbr. 2.mgr. 43.gr. og 2.mgr. 44.gr. skipulagslaga nr.123/2010.

**11. 1702322 - Bessastaðir. Dsk breyting vegna aðkomu.**

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Bessastaða sem gerir ráð fyrir breytingum á legu og útfærslu bílastæða og aðkomuvegar. Tillagan hefur verið forkynnt og ábendingar hafa ekki gefið tilefni til breytinga á tillögunni. Skipulagsnefnd vísar tillögunni til auglýsingar í samræmi við 1. mgr. 43. gr. og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr.123/2010. Áður en tillagan verður auglýst skal umsögn Minjastofnunar, Vegagerðarinnar og Umhverfisstofnunar liggja fyrir.

**12. 1704011 - Holtstún - deiliskipulag**

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Holtstúns ásamt umsögnum Vegagerðarinnar, Heilbrigðiseftirlits og Minjastofnunar.
Skipulagsnefnd mælir með því að sá hæðarkóti sem Vegagerðin leggur til sem lágmarkshæð verði notaður eða 4,2 mys í stað 4,0 mys eins og auglýst tillaga gerir ráð fyrir.
Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagið í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr.123/2010 með ofangreindri breytingu og lagfæringu á aðkomu að Asparvík sbr. ábendingu landeiganda.
Baldur Ó. Svavarsson vék af fundi undir þessum lið.

**13. 1712136 - Verkefnislýsing vegna breytingar á svæðisskipulagi - Vaxtarmörk á Álfsnesi**

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við tillöguna.

**14. 1807047 - Forgangsmarkmið samþykkt vegna heimsmarkmiðanna**

Lagt fram.

**15. 1807001F - afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4**

Fundargerð lögð fram. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við afgreiðslur skipulagsstjóra.

**16. 1807007F - afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 5**

Fundargerð lögð fram. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við afgreiðslur skipulagsstjóra.

**17. 1807021F - afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 6**

Fundargerð lögð fram. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við afgreiðslur skipulagsstjóra.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

**Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar**
**1. fundur 2018**

Miðvikudaginn 29. ágúst 2018 kl. 17:00 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir aðalmaður, Jóhann Steinar Ingimundarson aðalmaður, Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir aðalmaður, Sturla D Þorsteinsson aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir aðalmaður, Edda Björg Sigurðardóttir fulltrúi skólastjóra, Kristín Sigurðardóttir verkefnastjóri, Katrín Friðriksdóttir forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs og Hilmar Þór Sigurjónsson fulltrúi kennara.

Fundargerð ritaði: Kristín Sigurðardóttir verkefnastjóri á skóladeild.

Við upphaf fundar bar formaður upp breytingatillögu á dagskrá og óskaði eftir að bæta inn nýjum dagskrárlið við lok fundar. Sá liður varðar upplýsingar um rannsókn lögreglu á tilvikum þar sem veist hefur verið að ungmennum í bænum. Breytingartillagan samþykkt samhljóða.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **1808054 - Starfshættir nefnda**

   Ný skólanefnd boðin velkomin á fyrsta fund nýs kjörtímabils. Samþykkt að Jóhann Steinar Ingimundarson verði varaformaður nefndarinnar.
   Skólanefnd kynntar reglur Garðabæjar um starfsemi og starfshætti nefnda.

2. **1808315 - Skyldur og ábyrgð skólanefnda**

   Samantekt Sambands íslenskra sveitarfélaga, "Yfirlit yfir skyldur og ábyrgð skólanefnda samvkvæmt lögum um grunnskóla", lögð fram til kynningar fyrir nýja skólanefnd.

3. **1808347 - Skólabyrjun og fjöldi nemenda skólaárið 2018-2019**

   Lagðar fram almennar upplýsingar um skólabyrjun og nemendafjölda í grunnskólum Garðabæjar haustið 2018.

4. **1806216 - Ársskýrslur grunnskóla 2017-2018**

   Ársskýrslur grunnskóla fyrir skólaárið 2017-2018 lagðar fram til kynningar. Að venju endurspegla skýrslurnar það fjölbreytilega og metnaðarfulla skólastarf sem fram fer í grunnskólum Garðabæjar.

5. **1711191 - Ytra mat - Flataskóli**

   Umbótaáætlun Flataskóla í kjölfar ytra mats, sem framkvæmt var á skólanum í janúar 2018, lögð fram.

6. **1808123 - Tillaga um hinsegin fræðslu - heilsueflandi samfélag**

   Rætt um mikilvægi hinsegin fræðslu, auk margs konar fræðslu í skólakerfinu svo sem eineltis-, forvarnar- og mannréttindafræðslu. Forstöðumanni fræðslusviðs falið að ræða við skólastjórnendur um fyrirkomulag fræðslunnar í grunnskólum Garðabæjar og mikilvægi þess að hún fari sannarlega fram og vel sé að henni staðið.

7. **1807085 - G-suite innleiðing**

   Lagt fram til kynningar.

**8. 1808346 - Menntadagur 26. október 2018**

Menntadagur í leik- og grunnskólum Garðabæjar verður föstudaginn 26. október, en sá dagur er sameiginlegur starfsdagur kennara beggja skólastiga.
Dagurinn er mikilvægur fyrir starfsfólk til að kynna verkefni sem hlotið hafa styrk úr þróunarsjóðum og þannig gefst starfsfólki tækifæri til að læra hvert af öðru.

**9. 1808345 - Forvarnarvika haust 2018**

Rætt um forvarnarviku sem verður í Garðabæ dagana 3.-10. október. Að þessu sinni verður fræðsla með áherslu á heilsueflandi samveru.

**10. 1807047 - Forgangsmarkmið samþykkt vegna heimsmarkmiðanna**

Lagt fram til kynningar.

**11. 1710153 - Aldarafmæli sjálfstæðis og fullveldis Íslands**

Lagt fram til kynningar.

**12. 1808429 - Vegna rannsóknar lögreglu**

Fjallað var um tilvik þar sem veist hefur verið að ungmennum á opnum svæðum í bænum. Vísað í tilkynningu á heimasíðu Garðabæjar þar sem fram kemur að málið er á forræði lögreglu.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

# HEILBRIGÐISNEFND
# HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
# 237. fundur – 27. ágúst 2018

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 27. ágúst 2018. Fundarstaður, skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 5, Garðabæ. Fundurinn hófst kl. 16.30. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk starfsmanna, Páls Stefánssonar og Guðmundar H. Einarssonar, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðir heilbrigðisnefndir frá 25. júní 2018 og 16. júlí liggja fyrir.

## 1 Fjárhagsáætlun og starfsáætlanir 2019

Til umræðu var stöðumat og áætlanagerð fyrir 2019

## 2 Skipulagsmál

Deiliskipulag við Holtstún, Garðabæ

Lagt fram erindi skipulags- og umhverfissviðs Garðabæjar frá 18. júlí 2018 þar sem óskað er umsagnar um tillögu að deiliskipulagi við Holtstún á Álftanesi.
https://www.gardabaer.is/media/skipulagsmal/nordurnes-dsk-lysing.pdf
Heilbrigðisnefnd telur ekki ástæðu til að gera athugasemd með vísan til mengunarvarna.

## 3 Vatnsvernd

Fundargerð framkvæmdastjórnar frá 30. maí 2018

Lögð fram til kynningar fundargerð framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu frá 10. júlí 2018

## 4 Starfsleyfi, umsagnir, skýrslur, tilkynningar o.þ.h.

Starfsleyfi

### Garðabær

4.1.1 *Bólstaður, Garðabær – gististaður*

Lögð fram umsókn Guðbjargar Ólafsdóttur, kt. 120553-2599, dags. 9.07.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II (gististaður án veitinga) að Bólstað, kjallara, Garðabæ. Fastanúmer:207-2632. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er afgreiðslu frestað þar sem umsögn byggingafulltrúa liggur ekki fyrir.

4.1.2 *Dreyravellir 1, Garðabær – reiðskóli*

Lögð fram umsókn Erlu Guðnýjar Gylfadóttur, kt. 211075-5549, dags 25.7.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs reiðskóla að Dreyravöllum 1, Garðabæ. Fastanúmer: F2069832. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.1.3 *Iðnbúð 2, Garðabær – Sala á brauði og kökum*

Lögð fram umsókn Helgu Kristín Jóhannsdóttur f.h. Gullakurs ehf., kt.671016-1140, dags 19.07.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með brauð, kökur og skyldar vörur ásamt veitingastofu að Iðnbúð 2, Garðabæ. Fastanúmer: F2070950. Eigendaskipti.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.1.4 *Iðnbúð 5, Garðabær – snyrtistofa*

Lögð fram umsókn Guðríðar Jónsdóttur f.h. Snyrtistofunnar Kopar slf., ehf, kt. 530718-1230, dags 7.08.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtistofu að Iðnbúð 5, Garðabæ. Fastanúmer: F2070963. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

4.1.5 *Lyngás 11, Garðabær – bónstöð*

Lögð fram umsókn Dana Kadr Azez, kt.050277-2329, dags 01.08.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bónstöðvar að Lyngási 11, Garðabæ. Ný starfsemi. Fastanúmer: 207-1447.
Með vísun til ákvæða reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018 er starfsleyfi samþykkt til allt að 4 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

4.1.6 *Strikið 3, Garðabær – sala á brauði og kökum*

Lögð fram umsókn Helgu Kristín Jóhannsdóttur f.h. Gullakurs ehf, kt.671016-1140, dags 19.07.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með brauð, kökur og skyldar vörur ásamt veitingastofu að Strikinu 3, Garðabæ. Fastanúmer: F2324081. Eigendaskipti.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.1.7 *Suðurhraun 12b, Garðabær – málmsmiðja*

Lögð fram umsókn Steins Árna Ásgeirssonar, f.h. Micro – ryðfrí smíði ehf., kt. 640407-1150, dags. 26.07.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs málmsmíðaverkstæðis að Suðurhrauni 12b, Garðabæ. Fastanúmer: 224 6951. Endurnýjun.
Með vísun til ákvæða reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018 er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykkta notkun fasteignar.

## Hafnarfjörður

4.1.8 *Bæjarhraun 8, Hafnarfjörður – hárgreiðslustofa*

Lögð fram umsókn Þóreyjar Gísladóttur, f.h. Línu lokkafínu sf., kt. 460492-2389, dags. 20.08.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hárgreiðslustofu að Bæjarhrauni 8, Hafnarfirði.
Fastanúmer: F207-4259. Endurnýjun.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

4.1.9 *Bæjarhraun 16, Hafnarfjörður- búsetuúrræði*

Lögð fram að nýju umsókn Kristínar Völundardóttur, f.h. Útlendingastofnunar, kt. 670269-6399, dags. 19.06.2018, þar sem sótt er um leyfi vegna reksturs búsetuúræðis fyrir skjólstæðinga að Bæjarhrauni 16, Hafnarfirði. Fastanúmer: 207-4274, 207-4275, 207-4276, 207-4277. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.1.10 *Bæjarhraun 24, Hafnarfjörður – gistiheimili*

Lögð fram umsókn Sigurðar Gunnarssonar f.h. Hraunborga ehf., kt. 441214-0810, dags. 6.07.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gistiheimilis án veitinga að Bæjarhrauni 24, Hafnarfirði.
Fastanúmer: 207-4290. Endurnýjun.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.1.11 *Dalshraun 11, Hafnarfjörður – snyrti- og fótaaðgerðastofa*

Lögð fram umsókn Önnu Valdimarsdóttur, f.h. Þema-snyrtingar ehf., kt. 450106-1860, dags. 6.07.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrti- og fótaaðgerðastofu að Dalshrauni 11, Hafnarfirði. Fastanúmer: F207-4327. Endurnýjun.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára og rekstraraðila gefin kostur á að aðlaga búnað að breyttum kröfum reglugerðar um hollustuhætti (br. 578/2017).

4.1.12 *Dalshraun 13, Hafnarfjörður – veitingastaður*

Lögð fram umsókn Bjarna Gunnarssonar, f.h. FoodCo hf., kt. 660302-2630, dags. 13.07.2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir veitingastað að Dalshrauni 13, Hafnarfirði.
Fastanúmer: 235-9961. Endurnýjun.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt fyrir veitingastofu til 12 ára.

4.1.13 *Fjarðargata 9a, Hafnarfjörður – pylsuvagn*

Lögð fram umsókn Péturs Viðarssonar, f.h. Mannings ehf., kt. 640596-2799, dags. 23.08.2018, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matarvagn, með aðsetur að Fjarðargötu 9a, Hafnarfirði.
Fastanúmer: F2227184. Viðbót við starfsemi veitingaverslunar á sama stað.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 9.12.2022 að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

4.1.14 *Fjarðargata 13-15, Hafnarfjörður – lyfjaverslun*

Lögð fram umsókn Önnu K. Garðarsdóttur, f.h. Lyf og heilsu hf., kt. 650299-2649, dags. 4.07.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs lyfjaverslunar að Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði.
Fastanúmer: F2223427. Endurnýjun.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.1.15 *Fjarðargata 17, Hafnarfjörður – sólbaðsstofa*

Lögð fram umsókn Arnars Arnbjörnssonar, f.h. Sumarsólar ehf., kt. 421015-0740, dags. 2.07.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sólbaðsstofu að Fjarðargötu 17, Hafnarfirði.
Fastanúmer: F2218562. Nýr rekstaraðili.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.1.16 *Flatahraun 11, Hafnarfjörður – fangagæsla*

Lögð fram umsókn Skúla Jónssonar, f.h. Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, kt. 531006-2320, dags. 14.08.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fangagæslu að Flatahrauni 11, Hafnarfirði.
Fastanúmer: F2074783. Endurnýjun.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.1.17 *Flatahraun 14, Hafnarfjörður – félagsaðstaða*

Lögð fram umsókn Arnfríðar Arnardóttur, f.h. Brettafélags Hafnarfjarðar, kt. 590712-0860, dags. 29.06.2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir félagsaðstöðu að Flatahrauni 14, Hafnarfirði.
Fastanúmer: F2074810. Endurnýjun.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

4.1.18 *Hólshraun 5, Hafnarfjörður – matvælavinnsla*

Lögð fram umsókn Eyjólfs Friðgeirssonar, f.h. Íslenskrar hollustu ehf., kt. 601005-1150, dags. 26.06.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matvælavinnslu (krydd og bragðefnaframleiðsla, vinnsla ávaxta og grænmetis, eiming, hreinsun og blöndun áfengra drykkja) að Hólshrauni 5, Hafnarfirði. Endurnýjun og breyting á starfsemi.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

4.1.19 *Kaplahraun 11, Hafnarfjörður – bílapartasala*

Lögð fram umsókn Þórðar Bragasonar, f.h. Partasalan Bílabúið ehf., kt. 600818 - 1040, dags 20.08.2018 þar sem sótt er um leyfi til reksturs bílapartasölur að Kaplahrauni 11, Hafnarfirði.
Fastanúmer: 207 6795. Nýr rekstaraðili.
Með vísun reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018 er samþykkt að auglýsa starfsleyfi með gildistíma til allt að 12 ára fyrir reksturinn að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

4.1.20 *Kirkjuvellir 1, Hafnarfjörður – grunnskóli*

Lögð fram umsókn Sigríðar Kristjánsdóttur f.h. Framsýn Menntun ehf., kt. 630615-0890. dags. 26.06.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs grunnskóla að Kirkjuvöllum 1, Hafnarfirði. Fastanúmer: F2293450. Tímabundin starfsemi fyrir 65 nemendur í 8., 9. og 10. bekk.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 mánaða.

4.1.21 *Linnetstígur 1, Hafnarfjörður – veitingahús*

Lögð fram umsókn Gísla Dan Gíslasonar, f.h. Tilverunnar veitingahús ehf., kt. 460606-1950, dags. 21.08.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingahúss að Linnetstíg 1, Hafnarfirði.
Fastanúmer: F2077502. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára með fyrirvara um samþykkta notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

4.1.22 *Óseyrarbraut 9-11, Hafnarfjörður – fiskvinnsla*

Lögð fram umsókn Magnúsar Gylfasonar, f.h. Svalþúfa ehf., kt. 711095-2259, dags. 5.07.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fiskvinnslu að Óseyrarbraut 9-11, Hafnarfirði. Fastanúmer: F2078507. Endurnýjun.
Með vísun til ákvæða reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018 er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.1.23 *Skútahraun 11, Hafnarfjörður – móttaka drykkjarumbúða*

Lögð fram umsókn Helga Lárussonar, f.h. Endurvinnslan hf., kt. 610789-1299, dags 01.08.2018 þar sem sótt er um leyfi til reksturs móttökustöðvar drykkjarumbúða að Skútahrauni 11, Hafnarfirði. Fastanúmer 207-8855. Ný starfsemi
Með vísun til ákvæða reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018 er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára með fyrirvara um samþykkta notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

4.1.24 *Steinhella 14, Hafnarfjörður – bifreiðaverkstæði*

Lögð fram umsókn Randvers Richter Ragnarsson, f.h. Fyrr ehf., kt. 680618-0460, dags. 17.07.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis að Steinhellu 14, Hafnarfirði. Fastanúmer: F 230 7674. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018 er starfsleyfi samþykkt til allt að 4 ára með skilyrðum um að fullnægt verði kröfum byggingafulltrúa á gildistímanum.

4.1.25 *Strandgata 75, Hafnarfjörður – heilbrigðisþjónusta*

Lögð fram umsókn Erlu Einarsdóttur, f.h. Drafnarhúss, kt. 490605-0450, dags. 2.07.2018, þar sem sótt er um leyfi vegna dagþjálfunar að Strandgötu 75, Hafnarfirði. Fastanúmer: F2227875. Endurnýjun.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.1.26 *Strandgata 75, Hafnarfjörður – veitingaverslun*

Lögð fram umsókn Ólafs F. Ólafssonar, f.h. Pizzan ehf., kt. 681016-1200, dags. 2.07.2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir veitingaverslun að Strandgötu 75, Hafnarfirði.
Fastanúmer: F 22335049. Endurnýjun.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

## Kópavogur

4.1.27 *Auðbrekka 29, Kópavogur – niðurrif*

Lögð fram umsókn Þorsteins Péturssonar, f.h. Work North ehf., kt. 521184-0869, dags 8.08.2018, þar sem sótt erum leyfi til niðurrifs húss að Auðbrekku 29, Kópavogi. Tímabundin starfsemi.
Með vísun til X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var i umboði heilbrigðisnefndar veitt leyfi til starfseminnar til 1.11.2018.

4.1.28 *Bakkasmári 20,Kópavogur – dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn Davíðs Karlssonar, f.h. Ebrius ehf., kt. 620618-0550, dags. 3.07.2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir dreifingu matvæla. Lögheimili starfseminnar er að Bakkasmára 20, Kópavogi en vörugeymsla og vörudreifing er frá vöruhóteli. Fastanúmer lögheimilis: F2215212. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 4 ára með fyrirvara um að starfsemi sem er í íbúðargötu valdi ekki óþægindum fyrir nágranna.

4.1.29 *Borgarholtsbraut 17, Kópavogur – sund- og baðstaður*

Lögð fram umsókn Jakobs Þorsteinssonar, f.h. Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759, dags. 15.08.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sund og baðstaðar að Borgarholtsbraut 17, Kópavogi.
Fastanúmer: F2059073. Endurnýjun.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

4.1.30 *Bláfjöll, Kópavogur – framkvæmdir á vatnsverndarsvæði*

Lögð fram umsókn Magnúsar Árnasonar, f.h. Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins., kt. 590182 - 1339-, dags. 21.08.2018, þar sem sótt er um leyfi til framkvæmda við flutning skíðalyfta innan svæðisins og tilheyrandi landmótunar. Tímabundið starfsleyfi.
Með vísun til ákvæða heilbrigðissamþykktar nr. 555/2015 um verndarsvæði vatnsbóla er leyfisveiting staðfest til 31. október 2018.

4.1.31 *Bláfjöll, Kópavogur – lagning háspennustrengs og símastrengs.*

Lögð fram umsókn Rekan ehf., kt. 640871-1059, dags 19.07.2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir lagningu háspennu- og símastrengs milli varaaflsstöðvar og sendistöðvar í Bláfjöllum á verndarsvæði vatnsbóla. Verkbeiðandi og ábyrgðaraðili er ISAVIA kt. 550210-0370. Tímabundin starfsemi.
Með vísun til ákvæða heilbrigðissamþykktar nr. 555/2015 um verndarsvæði vatnsbóla er leyfisveiting staðfest til 20. ágúst 2018.

4.1.32 *Hagasmári 1, Kópavogur – ísbúð*

Lögð fram umsókn Finnbjörns R. Aðalheiðarson, f.h. Leaf apartments ehf., kt. 441208-0490, dags. 27.06.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs ísbúðar, að Hagasmára 1, Kópavogi.
Fastanúmer: F2227650. Eigendaskipti.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.1.33 *Hlíðasmári 9, Kópavogur – snyrti- og fótaaðgerðarstofa*

Lögð fram umsókn Guðrúnar Jóhönnu Friðriksdóttur, kt. 281068-2969, dags. 9.07.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrti- og fótaaðgerðarstofu, að Hlíðasmára 9, Kópavogi.
Fastanúmer: 223-6270.. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

4.1.34 *Hlíðasmári 17, Kópavogur – dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn Halldóru Magnúsdóttur f.h. Forever Living Products Íslandi ehf., kt. 511099-2189, dags. 19.07.2018, þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla frá Hlíðasmára 17, Kópavogi.
Endurnýjun
Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 10.08.2018.
Samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs, 2012-2024, er starfsemin á verslunar- og þjónustusvæði Ma(DII).
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.1.35 *Holtasmári 1, Kópavogur – jógastúdíó*

Lögð fram umsókn Maríu Dalberg f.h. Iceland Power Yoga ehf., kt. 710518-0680, dags. 10.07.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs jógastúdíós, að Holtasmára 1, Kópavogi samkvæmt teikningu ASK arkitekta dags. br. 26.6.2018. Fastanúmer: F2241742. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.1.36 *Kársnesbraut 19, Kópavogur – niðurrif*

Lögð fram umsókn Bergs Gunnarssonar, f.h. Byggingafélagið Breki ehf., kt. 410694-2129, dags 19.08.2018, þar sem sótt erum leyfi til niðurrifs húss að Kársnesbraut 19, Kópavogi.
Tímabundin starfsemi.
Með vísun til X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var i umboði heilbrigðisnefndar veitt leyfi til starfseminnar til 1.10.2018.

4.1.37 *Marbakkabraut 9, Kópavogur – niðurrif*

Lögð fram umsókn Róberts Elvars Kristjánssonar, kt. 150284-2799, dags 17.07.2018, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs húss að Marbakkabraut 9, Kópavogi. Tímabundin starfsemi.
Með vísun til X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var i umboði heilbrigðisnefndar veitt leyfi til starfseminnar til 1.11.2018.

4.1.38 *Núpalind 1, Kópavogur – veitingaverslun*

Lögð fram umsókn Ólafs Ólafssonar f.h. Pizzan ehf, kt. 681016-1200, dags 05.07.2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir veitingaverslun að Núpalind 1, Kópavogi. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

4.1.39 *Nýbýlavegur 8, Kópavogur – krá*

Lögð fram umsókn Árna Hafstað f.h. Microbar & brew ehf., kt. 490318-1430, dags. 10.07.2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir krá að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Fastanúmer: F2064397. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.1.40 *Nýbýlavegur 8, Kópavogur – brugghús*

Lögð fram umsókn Árna Hafstað f.h. Gæðingur–Öl ehf., kt. 660810-0800, dags. 10.07.2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir bjórgerð að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Fastanúmer: F2064397. Ný starfsemi.
Fyrirliggja tölvupóstssamskipti frá 12. júlí 2018 og teikningar Arktika br. 19.7.2018
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

4.1.41 *Nýbýlavegur 10, Kópavogur – niðurrif*

Lögð fram umsókn Þorsteins Péturssonar, f.h. Work North ehf., kt. 521184-0869, dags 8.08.2018, þar sem sótt erum leyfi til niðurrifs húss að Nýbýlavegi 10, Kópavogi. Tímabundin starfsemi.
Fyrir liggur minnisblað dags. 8.8.2018.
Með vísun til X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var í umboði heilbrigðisnefndar veitt leyfi til starfseminnar til 1.11.2018.

4.1.42 *Skógarlind 2, Kópavogur – veitingaverslun*

Lögð fram umsókn Birgis Arnar Birgisson f.h. Pizza Pizza ehf, kt. 480293-2669, dags. 16.07.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingaverslunar að Skógarlind 2, Kópavogi. Umsókn fylgir teikning THG arkitekta „ný verslun tillaga" dags. 5.7.2018. Fastanúmer: F2308035. Ný starfsemi.
Bréf sent byggingafulltrúa dags. 18.07.2018. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 31.07.2018.
Samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs, 2012-2024, er starfsemin á svæði verslunar og þjónustu Ma(DII).
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er afgreiðslu frestað og óskað eftir ítarlegri teikningum.

4.1.43 *Smáratorg 3, Kópavogur – fótaaðgerðastofa*

Lögð fram umsókn Sigríðar Lovísu Sigurðardóttur, kt. 070573-3189, dags. 29.06.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fótaaðgerðastofu. Starfsemin er í tengslum við snyrtistofuna Heilsu og fegurð að Smáratorgi 3, Kópavogi. Fastanúmer: F2289966. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 8.06.2020. Aðlaga þarf búnað að breyttum kröfum reglugerðar um hollustuhætti (br. 578/2017).

4.1.44 *Smáratorg 3, Kópavogur – húðflúr*

Lögð fram umsókn Þuríðar Óskar Bates, kt. 240178-3709, dags. 28.06.2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir fegrunarflúr. Starfsemin er í tengslum við snyrtistofuna Heilsu og fegurð að Smáratorgi 3, Kópavogi. Fastanúmer: F2289966. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 8.06.2020. Aðlaga þarf búnað að breyttum kröfum reglugerðar um hollustuhætti (br. 578/2017).

4.1.45 *Smáratorg 3, Kópavogur – dreifing matvæla, fyrirlestrasalur*

Lögð fram að nýju umsókn Sunnu Dóru Einarsdóttur f.h. Deloitte ehf., kt. 521098-2449, dags. 26.04.2018, þar sem sótt er um leyfi til dreifingar veitinga á viðburðum í fyrirlestrarsal á 9. hæð að Smáratorgi 3, Kópavogi. Fastanúmer: 228-9966. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

4.1.46 *Smiðjuvegur 3, Kópavogur – duftlökkun málmhluta og sandblástur*

Lögð fram umsókn Helgu M. Jóhannsdóttur, f.h. Pólýhúðun ehf., kt. 460409-1520, dags 16.08.2018 þar sem sótt er um leyfi til reksturs sandblásturs verkstæðis að Smiðjuvegi 3, Kópavogi.
Breyting á starfsemi.
Með vísun til reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018 er samþykkt að auglýsa starfsleyfi með gildistíma til allt að 12 ára fyrir reksturinn að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

4.1.47 *Smiðjuvegur 9d, Kópavogur – trésmíðaverkstæði*

Lögð fram umsókn Eyjólfs Eyjólfssonar, f.h. Axis-húsgögn ehf., kt. 621289-1529, dags. 15.06.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs trésmíðaverkstæðis að Smiðjuvegi 9d, Kópavogi.
Fastanúmer: 206-5275, 206-5277,206-5278. Endurnýjun
Með vísun til ákvæða reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018 er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.1.48 *Smiðjuvegur 26, Kópavogur – Bón- og bílaþvottastöð*

Lögð fram umsókn Gauta Tien Vu f.h. Tat ehf., kt. 671117-1150, dags 12.6.2018 þar sem sótt er um leyfi til reksturs bón og bílaþvottastöðvar að Smiðjuvegi 26, Kópavogi. Fastanúmer: 206-5337.
Nýr rekstraraðili.
Með vísun til ákvæða reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018 er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.1.49 *Urðahvarf 8, Kópavogur – niðurrif á asbesti*

Lögð fram umsókn Hermanns Þórs Baldurssonar f.h. Berserkja ehf., kt. 590902-2920, dags 24.07.2018, þar sem sótt erum leyfi til að fjarlægja asbest úr húsnæði að Urðarhvarf 8.
Með vísun til X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var í umboði heilbrigðisnefndar veitt leyfi til starfseminnar til 15.10.2018.

4.1.50 *Vallakór 4, Kópavogur – sala á brauði og kökum*

Lögð fram að nýju umsókn Helgu Kristínar Jóhannsdóttur f.h. Gullakur ehf., kt. 671016-1140, dags. 5.06.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með brauð, kökur og skyldar vörur ásamt veitingastofu að Vallakór 4, Kópavogi. Fastanúmer: F2311637. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.1.51 *Víkurhvarf 3, Kópavogur – dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn Gunnars Berg Viktorssonar f.h. Íslensk Fjallagrös hf., kt. 560793-2199, dags. 10.07.2018, þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla frá Víkurhvarfi 3, Kópavogi.
Fastanúmer: F2298095. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

4.1.52 *Víkurhvarf 3, Kópavogur – dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn Katrínar Friðriksdóttur f.h. Náttúrusmiðjan ehf., kt. 660712-0460, dags. 5.07.2018, þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla frá Víkurhvarfi 3, Kópavogi. Fastanúmer: F229-8095.
Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

4.1.53 *Ögurhvarf 4B, Kópavogur – hundaskóli*

Lögð fram umsókn Björns Ólafssonar f.h. Hundaskóla Heimsendahunda., kt. 170657-5359, dags. 26.06.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hundaskóla að Ögurhvarfi 4B, Kópavogi. Fastanúmer: F2066562. Endurnýjun.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um að starfsemi í er í íbúðargötu valdi ekki óþægindum fyrir nágranna.

Umsagnir

## Garðabær

4.1.54 *Bólstaður, Garðabær – gististaður, rekstrarleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags.16.07.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Guðbjargar Ólafsdóttur., kt. 120553-2599, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir minna gistiheimili samkvæmt flokki II við Bólstað, Garðabæ.
Afgreiðslu frestað þar sem starfsleyfisumsókn fyrir gististaðinn til meðferðar.

## Hafnarfjörður

4.1.55 *Strandgata 6, Hafnarfjörður – samkomuhús, tækifærisleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 31.07.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Bæjarbíó slf, kt. 611116-0550, um tækifærisleyfi í tilefni af Bæjar- og tónlistahátíð á útisvæði fyrir framan Bæjarbíó við Strandgötu 6, Hafnarfirði þann 30.08.2018 til 03.09.2018 frá kl.18.00 – 00.00.
Jákvæð umsögn veitt.

4.1.56 *Strandgata 50, Hafnarfjörður – íþróttahús, tækifærisleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 16.08.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Nemendafélags Flensborgarskóla, kt. 430985-0789, um tækifærisleyfi vegna samkomu í íþróttahúsinu Strandgötu, Hafnarfirði þann 6.09.2018 frá kl. 22.00 – 01.00.
Jákvæð umsögn veitt.

4.1.57 *Kaplakriki, Hafnarfjörður – íþróttahús, tækifærisleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 7.08.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Veislur & Viðburðir ehf., kt. 620316-1050, um tækifærisleyfi vegna tónleika í Kaplakrika, Hafnarfirði þann 6. – 7. október frá kl. 15.00 – 01.00.
Jákvæð umsögn veitt.

## Kópavogur

4.1.58 *Bæjarlind 6, Kópavogur – veitingahús, tækifærisleyfi*

*Bæjarlind 6, Kópavogur – veitingahús, tækifærisleyfi* Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 15.08.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Nemendafélags Fjölbrautar í Garðabæ, kt. 660287-2649, um tækifærisleyfi vegna samkomu á Spot, Bæjarlind 6, Kópavogi þann 13. september frá kl. 22.00 – 01.00.
Jákvæð umsögn veitt.

4.1.59 *Bæjarlind 6, Kópavogur – veitingahús, tækifærisleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 21.08.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Nemendafélags Menntaskólans í Kópavogi, kt. 470576-2199, um tækifærisleyfi vegna samkomu á Spot, Bæjarlind 6, Kópavogi þann 7. september frá kl. 22.00 – 01.00.
Jákvæð umsögn veitt. .

4.1.60 *Bæjarlind 6, Kópavogur – veitingahús, tækifærisleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 21.08.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Fjölbrautaskólans í Breiðholti, kt. 590182-1099, um tækifærisleyfi vegna samkomu á Spot, Bæjarlind 6, Kópavogi þann 6. september frá kl. 22.00 – 01.00.
Jákvæð umsögn veitt. .

4.1.61 *Dalvegur 10-14, Kópavogur - skemmtigarður með veitingaaðstöðu, rekstrarleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 01.08.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Rush Iceland ehf., kt. 710717-0440, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir samkomusal samkvæmt flokki II við Dalveg 10-14, Kópavogi.
Heilbrigðisnefnd hefur samþykkt starfsleyfi fyrir starfsemi skemmtigarðs með veitingasölu en úttekt er ekki lokið.
Jákvæð umsögn veitt fyrir rekstrarleyfi veitingasalar við skemmtigarð.

4.1.62 *Nýbýlavegur 8, Kópavogur - veitingastaður, rekstrarleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 13.07.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Microbar and Brew ehf., kt. 490318-1430, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað samkvæmt flokki II og einnig útiveitingar við Nýbýlaveg 8, Kópavogi.
Heilbrigðisnefnd hefur samþykkt starfsleyfi fyrir veitingastað/krá.
Jákvæð umsögn veitt veitingu rekstrarleyfis fyrir krá.

4.1.63 *Smáratorg 3, Kópavogur - samkomusalur, rekstrarleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 20.06.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Deloitte ehf., kt. 521098-2449, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað samkvæmt flokki II við Smáratorg 3, Kópavogi.
Heilbrigðisnefnd hefur samþykkt starfsleyfisumsókn fyrir veitingar í fyrirlestrarsal.
Jákvæð umsögn fyrir rekstrarleyfi til veitinga í fyrirlestrasal samþykkt að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa sbr. lið nr. 4.1.45.

4.1.64 *Smiðjuvegur 14, Kópavogur – Skemmtistaður, rekstrarleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 05.07.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Sportakademíunnar ehf., kt. 440810-1010, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað samkvæmt flokki III við Smiðjuveg 14, Kópavogi
Heilbrigðisnefnd hefur veitt Sportakademíunni að Smiðjuvegi 14, Kópavogi starfsleyfi fyrir skemmtistað og krá.
Jákvæð umsögn veitt fyrir skemmtistað og krá.

4.1.65 *Vatnsendi, Kópavogur – veitingastaður, rekstrarleyfi*

Lagt fram béf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 05.07.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Kríunes ehf., kt. 670602-4190, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað samkvæmt flokki II við Vatnsenda í Kópavogi.
Mælt er með frestun þar sem starfsleyfi þarf að endurskoða vegna breytinga á húsakynnum og rekstri.

Tóbaksleyfi

4.1.66 *Dalvegur 16c, Kópavogur – veitingastofa,*

Lögð fram umsókn Gunnars Scheving Thorsteinssonar dags. 25.07.2018 þar sem sótt er um endurnýjun á tóbaksleyfi fyrir Bara ehf, Dalvegi 16c, Kópavogi, kt. 690304-3170,
Leyfisveiting staðfest.

4.1.67 *Hagasmári 9, Kópavogur – veitingastofa*

Lögð fram umsókn Basko verslana kt. 470710-0470, dags. 30.07.2018 þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu fyrir 10-11 að Hagasmára 9, Kópavogi. Endurnýjun. Heilbrigðisnefnd veitti Rekstrarfélags Tíu- ellefu ehf., starfsleyfi til veitingasölu þann 29.09.2014- 28.09.2026.
Leyfisveiting samþykkt.

Annað

4.1.68 *Dalsmári 1, Kópavogur – samkomustaður og félagsaðstaða*

Lagt fram erindi Elísabetar Kristjánsdóttur f.h. Samtaka dagmæðra í Kópavogi þar sem óskað er eftir að starfsleyfi fyrir samkomusal félagsins að Dalsmára 1 í Kópvogi verði fellt úr gildi. Starfsleyfi fellt niður.

4.1.69 *Dalvegur 32, Kópavogur – niðurrif mannvirkja*

Lögð fram umsókn ÞG atvinnuhús f.h. ÞG Verk, kt. 581198-2569, dags 17.07.2018 til niðurrifs á húsi að Dalvegi 32 í Kópavogi. Fastanúmer: F2217882. Tímabundin starfsemi.
Niðurrifi húss var lokið áður en sótt var um starfsleyfi.
Heilbrigðisnefnd felur heilbrigðiseftirliti að afgreiða málið þegar fyrirtækið hefur lagt fram gögn um ráðstöfun úrgangs.

4.1.70 *Vesturvör 40-48, Kópavogur – Sundlaug/baðlón*

Lögð fram erindi Eflu verkfræðistofu & Nature Resort ehf., dags. 26. júní 2018 með ósk um ráðgefandi álit frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis vegna hönnunarforsenda fyrir sundlaug/baðlón að Vesturvör 40-48 Kópavogi. Erindið er um hvort og hvernig fyrirhuguð starfsemin fullnægi kröfum reglugerðar sem gildir um alla sund- og baðstaði sem almenningur hefur aðgang að.

Fram kemur í erindinu að ef fyrirhuguð laug myndi flokkast sem varmalaug en ekki setlaug eins og skilgreiningar í reglugerð gera ráð fyrir væri hægt að koma við miklum sparnaði í orkunotkun.

SMG

Eftirfarandi umsögn er veitt:
,,Umsögn heilbrigðisnefndar tekur ekki til álits á hönnun mannvirkis að öðru leyti en að vísa til að fullnægja beri kröfum sem fram koma í reglugerð um sund og baðstaði. Vegna þess sem fram kemur um orkusparnað og aðgerðum til að mæta heilnæmi vatnsins er vakin athygli bréfritara á að ráðherra getur veitt undanþágu frá einstökum ákvæðum reglugerðar þegar sérstaklega stendur á."

4.1.71 *Hlíðarberg 3, Hafnarfjörður – gæsluvöllur*

Lögð fram til kynningar umsókn Geirs Bjarnasonar, f.h. Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579, dags. 3.07.2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir gæsluvöll á lóð og í húsnæði frá 9.07 – 4.08.2018 að Hlíðarbergi 3, Hafnarfirði. Fastanúmer: F2075722. Tímabundið leyfi var veitt.

4.1.72 *Eftirlit með matvælasölu*

Farið yfir niðurstöður úr eftirlit varðandi sölu á ís og ísvörum sbr. ákvæði reglugerðar nr. 851/2012.

4.1.73 *Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit*

Undirbúningur fyrir vinnu við áætlanir um reglubundið eftirlit með atvinnurekstri þ.m.t. um tíðni vettvangsheimsókna innleiðingaráætlun vegna nýrrar reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Lagðar fram samantektir úr eftirliti sem fram fór hjá:

- málmiðnaðarfyrirtækjum
- trésmíðaverkstæðum
- fiskvinnslum
- bensínstöðvum

4.1.74 *Thorsplan, Hafnarfjörður – tímabundið leyfi*

Lögð fram til kynningar umsókn Lowana Veal, f.h. Samtök grænmetisæta á Íslandi, kt. 600613-0300, dags. 8.08.2018, þar sem sótt er um tímabundið leyfi fyrir Vegan-hátíð við Thorsplan, Hafnarfirði, þann 12.08.2018.

4.1.75 *Garðatorg 4a – krafa um afturköllun rekstrarleyfis*

Lagður fram tölvupóstur Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu til heilbrigðiseftirlitsins frá 9. ágúst 2018 þar sem óskað er afstöðu til kröfu um afturköllun/sviptingu rekstrarleyfis Brunch ehf., kt. 691015-0170, Garðatorgi 4, Garðabæ (Mathús Garðabæjar) með vísunar til bréfs Forum lögmanna dags. 25. júlí 2018.
Fyrir liggja afrit af erindum:

- heilbrigðiseftirlitsins frá 9. mars 2016 til Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu um afgreiðslu heilbrigðisnefndar Hafnarfarðar- og Kópavogssvæðis þann 7. mars 2016 á beiðni um umsögn um umsókn Brunch ehf., kt. 691015-0170, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingahús samkvæmt flokki II að Garðatorgi 4, Garðabæ.
- heilbrigðiseftirlitsins frá 10. ágúst 2018 til Regins fasteignafélags vegna óskar Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu um afstöðu heilbrigðiseftirlitsins um afturköllun/sviptingu rekstrarleyfis Brunch ehf., kt. 691015-0170, Garðatorgi 4, Garðabæ (Mathús Garðabæjar).
- heilbrigðiseftirlitsins frá 10. ágúst 2018 til Stefáns Magnússonar f.h. Brunch ehf., kt. 691015-0170, Garðatorgi 4, Garðabæ vegna óskar Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu um afstöðu heilbrigðiseftirlitsins um afturköllun/sviptingu rekstrarleyfis Brunch ehf., kt. 691015-0170, Garðatorgi 4, Garðabæ (Mathús Garðabæjar).

Lagt fram erindi Lex lögmannsstofu frá 20. ágúst 2018 f.h. Ra5 ehf.með athugasemdum við kröfu um afturköllun/sviptingu rekstrarleyfis Brunch ehf. kt. 691015- 0170 og erindi Íslaga frá ágúst 2018 f.h. Brunch efh. með athugasemdum við kröfu um afturköllun á rekstarleyfi staðarins..

Eftirfarandi samþykkt var gerð:
Í umsögn heilbrigðisnefndar sbr. erindi til Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu þann 9. mars 2016 var í mati nefndarinnar m.t.t. grenndaráhrifa væri talið ólíklegt að hávaði frá starfseminni mundi valda ónæði í nágrenninu.
Heilbrigðisnefnd hefur ekki fyrirhugað sviptingu starfsleyfis fyrir reksturinn.

4.1.76 *Garðatorg 4a, – ónæði frá loftræstikerfi*

Lagt fram afrit af erindi heilbrigðiseftirlitsins frá 3. júlí 2018 til Brunch ehf. um ónæði frá loftræstikerfi.

Heilbrigðisnefnd hefur yfirfarið gögn málsins. Rekstraraðili eða húseigandi hafa ekki lagt fram tillögu að lausn og felur nefndin heilbrigðiseftirlitinu að fylgja málinu eftir.

4.1.77 *Garðatorg 4-6, – kvartanir vegna umgengni um sorp*

Lagt fram afrit af erindi heilbrigðiseftirlitsins frá 26. júlí 2018 til Regins fasteignafélags vegna slæmrar umgengni um sorpgeymslu veitingastaða að Garðatorgi 4 og 6 í Garðabæ og svar fasteignafélagsins frá 27. júlí 2018.
Heilbrigðisnefnd hefur yfirfarið gögn málsins. Rekstraraðilar eða húseigendur hafa ekki lagt fram tillögu að lausn og felur nefndin heilbrigðiseftirlitinu að fylgja eftir tafarlausum úrbótum.

4.1.78 *Samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir ítarlegri hreinsun skólps en tveggja þrepa*

Lagt fram erindi Umhverfisstofnunar frá 29. júní 2018 þar sem kynnt eru samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir ítarlegri hreinsun skólps en tveggja þrepa með vísunar til ákvæða reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.
Mælt er með að heilbrigðisnefnd samþykki skilyrðin til viðmiðunar við leyfisveitingar.

4.1.79 *Rio Tinto – samráðsfundur*

Lögð fram til kynningar fundargerð samráðsfundar Rio Tinto með Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis sem haldinn var 15. maí 2018 í Straumsvík

4.1.80 *Reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit*

Lögð fram reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550 sem gefin var út af Umhverfis- og auðlindaráðherra 15. maí 2018. Í reglugerðinni eru ýmiss nýmæli sem nauðsynlegt er að innleiða og önnur sem þarfnast nánari útskýringa.

Samþykkt að óska leiðbeininga ráðuneytisins varðandi atvinnurekstur sem valdið getur mengun en er undanþegin ákvæðum reglugerðarinnar s.s. rannsóknarstarfsemi, þróunarstarf eða prófanir á nýjum vörum og vinnsluferlum sem falla undir I. viðauka.

## 5 Önnur mál

Engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 19:45

Sigurður Grétarsson

Sævar Gíslason

Ingibjörg Hauksdóttir

Linda Hrönn Þórisdóttur

Gnýr Guðmundsson

Jón Haukur Ingvason

# STJÓRN SSH
# 459. fundur

Mánudaginn 13. ágúst 2018, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Sverrisson, Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson, Rósa Guðbjartsdóttir og Karl M. Kristjánsson
Ennfremur sátu fundinn Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH og Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

Þetta gerðist:

Í upphafi fundar bauð stjórnarformaður, Ármann Kr. Ólafsson nýja stjórnarmenn velkomna, þau Rósu Guðbjartsdóttur og Karl M. Kristjánsson.

Síðan var gengið til dagskrár:

1. **Samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu** /málsnr. 1601001
   Umræður og yfirferð í kjölfar sameiginlegs fundar fulltrúa SSH og þriggja ráðherra vegna viðræðna um aðkomu ríkisins að fjármögnun aðgerða til að bæta innviði samgangna á höfuðborgarsvæðinu, bæði með nauðsynlegum aðgerðum til að bæta stofnvegakerfið, sem og eflingu almenningssamgangna.

   Upplýst var að næsti fundur aðila er áformaður fyrir lok ágústmánaðar, og þess að vænta að þar komi fram skýr mynd á afstöðu ríkisins um fjárhagslega aðkomu að þessu verkefnum á næstu árum.

   Niðurstaða:
   Ákvarðanir um næstu skref í máli verða teknar þegar niðurstöður næsta fundar liggja fyrir sbr. ofanritað.

2. **Málefni byggðasamlaganna**
   Umræður vegna undirbúnings fyrir boðaða eigendafundi SORPU bs. og Strætó bs. vegna fjárhagsáætlana byggðasamlaganna fyrir árið 2019.

   Niðurstaða:
   Formanni og framkvæmdastjóra falið að undirbúa og setja saman dagskrá eigendafundanna.

3. **Samstarf sorpsamlag á suðvesturhorni** /málsnr. 1711001
   Formaður og framkvæmdastjóri gerðu grein fyrir stöðu viðræðna milli fulltrúa SORPU bs. og SOS um mögulega lausn á nýjum urðunarstað á Suðurlandi fyrir óvirkan úrgang. Upplýst var að afstaða sveitarstjórnar Ölfuss vegna málsins mun væntanlega liggja fyrir í lok ágústmánaðar.
   Næstu skef í máli munu mótast af þeirri niðurstöðu.

4. **Sameiginleg ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk** /málsnr. 1711002
Fyrir lá minnisblað framkvæmdastjóra til samráðshóp velferðarsviða frá 12. júlí sl. þar sem dregin er upp mynd af stöðu máls og bent á nauðsyn þess að ráðinn verði sérstakur verkefnastjóri til að leiða og ljúka úrvinnslu og tillögugerð um mögulegt fyrirkomulag og útfærslur á áframhaldandi samstarfi um sameiginlega ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk.

Umræður

Niðurstaða:
Stjórn tekur undir sjónarmið og tillögu framkvæmdastjóra um ráðningu verkefnastjóra og leggur áherslu á að sveitarfélögin samþykki fjárveitingu vegna málsins þannig að hægt verði að leggja fullmótaðar tillögur fyrir sveitarfélögin sem fyrst.

Rósa Guðbjartsdóttir óskaði bókað að málið eigi eftir að fá umfjöllun á vettvangi fjöldskyldusviðs Hafnarfjarðarbæjar.

5. **SSH – verkefni og áherslur framunda við upphaf nýs kjörtímabils**
Fyrir lá stiklusamantekt framkvæmdastjóra vegna málsins

Umræður
Rætt var sérstaklega um samspil SSH og Sambands íslenskra sveitarfélaga í hagsmunagæslu f. sveitarfélögin og framlög jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs SSH

Niðurstaða:
Formanni og framkvæmdastjóra falið að vinna tillögur að úrvinnslu máls í ljósi umræða á fundinum.

6. **Búsetuúrræði fyrir ungmenni – mögulegt samstarf sveitarfélaganna** /málsnr. 1808002
Fyrir fundinum lá tölvupóstur bæjarstjóra Seltjarnarness vegna málsins.

Framkvæmdastjóri upplýsti að á næstu vikum séu væntanlega tillögur samstarfshóps sem hefur skoðað málið, og gert er ráð fyrir að þær verði tilbúnar fyrir næsta stjórnarfund.

7. **Önnur mál**

a) **Áfram Strætó! Hvatning um bættar strætósamgöngur** /málsnr. 1807002
Fyrir lá erindi frá fulltrúum fyrirtækja í Árbæ og á Ártúnshöfða þar sem vakin er athygli á þörf á bættum tengingum almenningsvagna við svæðið.
Samþykkt að vísa málinu til Strætó bs. til skoðunar.

b) **Erindi frá borgarráði; viðræður vegna kostnaðarþátttöku einstaklinga sem nýta sér úrræði Reykjavíkurborgar** /málsnr. 1808001
Samþykkt að vísa erindinu til skoðunar og umsagnar hjá samráðshópi forstöðumanna velferðarsviða.

c) **Erindi frá borgarráði; Samstarf um málefni utangarðsfólks** /málsnr. 1808001
Samþykkt að vísa erindinu til skoðunar og umsagnar hjá samráðshópi frostöðumanna velferðarsviða.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:00

Reykjavík, 17. ágúst 2018

Fundargerð 174. fundar

*Tilvísun: 00060002*

Föstudaginn 17. ágúst 2018 var haldinn 174. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 8.00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Ármann Kr. Ólafsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Rósa Guðbjartsdóttir og Ásgerður Halldórsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri, og Birgir Finnsson, varaslökkviliðsstjóri. Sturla Jónsson og Stefán Þór Ingvarsson, endurskoðendur frá Grant Thornton, sátu fundinn undir lið 2. Anton B. Markússon, lögmaður, sat fundinn undir lið 3.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

## 1. Ný stjórn SHS

Kosningar til sveitarstjórna fóru fram þann 26. maí sl. Í kjölfar þess hafa aðildarsveitarfélögin kjörið aðal- og varafulltrúa í stjórn SHS.

*Stjórnarmenn*

| | | |
|---|---|---|
| Dagur B. Eggertsson | Reykjavík | formaður |
| Rósa Guðbjartsdóttir | Hafnarfjörður | varaformaður |
| Ármann Kr. Ólafsson | Kópavogur | |
| Gunnar Einarsson | Garðabær | |
| Haraldur Sverrisson | Mosfellsbær | |
| Ásgerður Halldórsdóttir | Seltjarnarnes | |

*Varamenn*

| | |
|---|---|
| Þórdís Lóa Þórhallsdóttir | Reykjavík |
| Ágúst Bjarni Garðarsson | Hafnarfjörður |
| Birkir Jón Jónsson | Kópavogur |
| Áslaug Hulda Jónsdóttir | Garðabær |
| Kolbrún G. Þorsteinsdóttir | Mosfellsbær |
| Magnús Örn Guðmundsson | Seltjarnarnes |

*Afgreiðsla:* Samþykkt.

## 2. 6 mánaða uppgjör

Slökkviliðsstjóri fór yfir 6 mánaða uppgjör SHS 2018 og Sturla Jónsson frá endurskoðenda SHS, Grant Thornton, fór yfir þátt endurskoðenda og könnunarskýrslu þeirra.

Eftirfarandi lagt fram:

- Árshlutareikningur SHS janúar – júní 2018, dags. 17. ágúst 2018.
- Könnunarskýrsla með árshlutareikningi, dags. 17. ágúst 2018.
- Ráðningarbréf vegna endurskoðunar og könnunar, ódags.

*Afgreiðsla:* Árshlutareikningur samþykktur og undirritaður. Ráðningarbréf endurskoðanda undirritað.

## 3. Héraðsdómur Reykjavíkur, mál nr. E-2995/2017

Anton Björn Markússon, lögmaður SHS, gerði grein fyrir dómsmáli og málalyktum.

Eftirfarandi lagt fram:

- Héraðsdómur Reykjavíkur, dómur, dags. 5. júlí 2018.

*Afgreiðsla:* Kynning.

## 4. Tillaga um meginforsendur fimm ára áætlunar

Formaður lagði fram tillögu um meginforsendur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019 og fimm ára áætlunar 2019-2023.

Eftirfarandi lagt fram:

- Bréf fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar; Undirbúningur, vinnsla og skil fjárhagsáætlunar 2019 og fimm ára áætlunar 2019-2023, dags. 20. júlí 2018.

*Afgreiðsla:* Stjórn samþykkir meginforsendur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019 og fimm ára áætlunar 2019-2023.

## 5. Starfsreglur

Starfsreglur stjórnar skal endurskoða og samþykkja í upphafi kjörtímabils. Formaður lagði fram starfsreglur fyrri stjórnar til umfjöllunar.

Eftirfarandi lagt fram:

- Starfsreglur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, 1. útgáfa, dags. 19. febrúar 2016.

*Afgreiðsla:* Frestað.

## 6. Siðareglur

Siðareglur stjórnar skal endurskoða og samþykkja í upphafi kjörtímabils. Formaður lagði fram siðareglur fyrri stjórnar til umfjöllunar.

Eftirfarandi lagt fram:

- Siðareglur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, 1. útgáfa, dags. 18. desember 2015.

*Afgreiðsla:* Frestað.

## 7. Samningur við Faxaflóahafnir

Samningur við Faxaflóahafnir um stjórn SHS á vettvangi við mengunaróhöpp á hafnarsvæði Faxaflóahafna var undirritaður 25. júní 2018.

Eftirfarandi lagt fram:

- Samþykkt Hafnarstjórnar á endurnýjun samnings við SHS, dags. 22. júní 2018.
- Samningur við Faxaflóahafnir um aðgerðir vegna mengunar innan hafnarsvæðisins, dags. 25. júní 2018.

*Afgreiðsla:* Kynning.

## 8. Reglugerð um starfsemi slökkviliða nr. 747/2018

Slökkviliðsstjóri kynnti nýja reglugerð um um starfsemi slökkviliða sem tók gildi 1. ágúst 2018.

Eftirfarandi lagt fram:

- Reglugerð um starfsemi slökkviliða, dags. 18. júlí 2018.

*Afgreiðsla:* Kynning.

## 9. Umsýsla og rekstur sjúkrabifreiða og búnaðar

Slökkviliðsstjóri kynnti ósk heilbrigðisráðherra um umsýslu og rekstur SHS á sjúkrabifreiðum og búnaði í tvö ár á grundvelli þjónustusamnings við Sjúkratryggingar Íslands.

Eftirfarandi lagt fram:

- Bréf velferðarráðuneytis; Umsýsla og rekstur sjúkrabifreiða og búnaðar, dags. 15. júní 2018.

*Afgreiðsla:* Stjórn samþykkir að gengið verði til viðræðna við ríkið og kannað hvort ásættanlegir samningar náist.

## 10. Óvissustig vegna virkni í Öræfajökli

Slökkviliðsstjóri fór yfir upplýsingar um stöðu mála vegna virkni í Öræfajökli út frá sjónarmiði almannavarna höfuðborgarsvæðisins.

Eftirfarandi lagt fram:

- Tölvupóstur; Fréttir af viðbúnaði vegna Öræfajökuls, dags. 27. júlí 2018.

*Afgreiðsla:* Kynning.

## 11. Persónuverndarfulltrúi

Slökkviliðsstjóri óskaði eftir ákvörðun stjórnar um persónuverndarfulltrúa fyrir SHS.

*Afgreiðsla:* Frestað. Slökkviliðsstjóri mun funda með borgarritara.

## 12. Önnur mál

Engin önnur mál.

**Næsti fundur verður föstudaginn 21. september.**

Fundi slitið klukkan 10.00.

Fylgiskjöl:

- Árshlutareikningur SHS janúar – júní 2018, dags. 17. ágúst 2018.
- Könnunarskýrsla með árshlutareikningi, dags. 17. ágúst 2018.
- Ráðningarbréf vegna endurskoðunar og könnunar, ódags.
- Héraðsdómur Reykjavíkur, dómur, dags. 5. júlí 2018.
- Bréf fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar; Undirbúningur, vinnsla og skil fjárhagsáætlunar 2019 og fimm ára áætlunar 2019-2023, dags. 20. júlí 2018.
- Starfsreglur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, 1. útgáfa, dags. 19. febrúar 2016.
- Siðareglur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, 1. útgáfa, dags. 18. desember 2015.
- Samþykkt Hafnarstjórnar á endurnýjun samnings við SHS, dags. 22. júní 2018.
- Samningur við Faxaflóahafnir, dags. 25. júní 2018.
- Reglugerð um starfsemi slökkviliða, dags. 18. júlí 2018.
- Bréf velferðarráðuneytis; Umsýsla og rekstur sjúkrabifreiða og búnaðar, dags. 15. júní 2018.
- Tölvupóstur; Fréttir af viðbúnaði vegna Öræfajökuls, dags. 27. júlí 2018.

**Næsti fundur verður 21. september 2018.**

Fundi slitið klukkan 10.00.

Dagur B. Eggertsson

Ármann Kr. Ólafsson

Ásgerður Halldórsdóttir

Gunnar Einarsson

Haraldur Sverrisson

Rósa Guðbjartsdóttir

SORPA
ÁRANGUR Í ÚRGANGSMÁLUM

# FUNDARGERÐ STJÓRNAR

393. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) á skrifstofu byggðasamlagsins miðvikudaginn 17.08.2018, kl.07:30.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður

Mættir:

Birkir Jón Jónsson, Líf Magneudóttir, Ágúst Bjarni Garðarsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Bjarni Torfi Álfþórsson. Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri, Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri. Gestur fundarins undir lið 1 var Theodór S. Sigurbergsson frá Grant Thornton.

Tekið fyrir:

1. **Árshlutauppgjör – 6 mánaða 2018**
   Árshlutareikningur fyrir fyrstu sex mánuði ársins lagður fram og kynntur. Framkvæmdastjóri kynnir einnig samanburð rekstrar og áætlunar. Staða í rekstri endurvinnslustöðva er neikvæð um 8 milljónir. Árshlutareikningurinn ræddur, staðfestur og undirritaður.
2. **Forsendur rekstraráætlunar 2019**
   Kynntar forsendur Reykjavíkurborgar fyrir rekstraráætlun 2019. Málið rætt.
3. **Staða í viðræðum við SOS um urðunarstað**
   Framkvæmdastjóri upplýsir um stöðu mála. Staða málsins var rædd á fundi stjórnar SSH þann 13. ágúst sl.
4. **Fyrirspurn frá bæjarráði Kópavogs**
   Lögð fram fyrirspurn frá bæjarráði Kópavogs um kostnaðarþátttöku í vélbúnaði til plastflokkunar o.fl. Framkvæmdastjóri kynnir svar SORPU bs.
5. **Kæra ÍAV til úrskurðarnefndar um upplýsingamál**
   Kynnt kæra ÍAV til úrskurðarnefndar um upplýsingamál og svar SORPU sem unnið var í samráði við embætti borgarlögmanns.
6. **Skipan fulltrúa í viðræðunefnd við Sorpeyðingarstöð Suðurnesja**
   Stjórn skipar Birki Jón Jónsson, Líf Magneudóttir og Bjarna Torfa Álfþórsson í viðræðunefnd við Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf.
7. **Næsti fundur**
   Næsti fundur ákveðinn 12. september kl. 07:30 og 21. september kl. 07:30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 09:05
Fundarritari Guðrún Eva Jóhannesdóttir

Birkir Jón Jónsson
Guðrún Eva Jóhannesdóttir
Líf Magneudóttir
Ágúst Bjarni Garðarsson
Bjarni Torfi
Jóna Sæmundsdóttir
Kolbrún G. Þorsteinsd.
B. H.

# FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

## 289. fundur

Föstudaginn 17. ágúst 2018 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 11:00.

**Mætt voru:**

Sigrún Edda Jónsdóttir, Björg Fenger, Hjálmar Sveinsson, Helga Ingólfsdóttir, Karen Halldórsdóttir og Ásgeir Sveinsson.

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir sviðsstjóri fjármála og reksturs sem ritaði fundargerð.

**Dagskrá fundar:**

1. Staðfesting stjórnarmanna og kosning formanns og varaformanns
2. Árshlutauppgjör 30.06.2018
3. Forsendur fjárhagsáætlunar 2019
4. Vagnakaup
5. Greiðslukerfi
6. Vetnisverkefni
7. Starfsáætlun stjórnar
8. Önnur mál
   a. Erindi, Borgarstjórn Reykjavíkur

## Tekið fyrir:

### 1. Staðfesting stjórnarmanna og kosning formanns og varaformanns

Í kjölfar sveitarstjórnarkosninga í vor skipuðu eigendur Strætó, sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, eftirfarandi aðila í stjórn og varastjórn Strætó bs.

Aðalmenn; Björg Fenger Garðabæ, Hjálmar Sveinsson Reykjavík, Sigrún Edda Jónsdóttir Seltjarnarnes, Helga Ingólfsdóttir Hafnarfirði, Karen Halldórsdóttir Kópavogi og Ásgeir Sveinsson Mosfellsbæ.

Varamenn; Kjartan Örn Sigurðsson Garðabæ, Kristín Soffía Jónsdóttir Reykjavík, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnes, Ólafur Ingi Tómasson Hafnarfirði, Margrét Friðriksdóttir Kópavogi og Kolbrún G. Þorsteinsdóttir Mosfellsbæ.

Fulltrúi Garðabæjar, Björg Fenger, var kosin formaður stjórnar Strætó og fulltrúi Reykjavíkur, Hjálmar Sveinsson, varaformaður stjórnar, til tveggja ára.

### 2. Árshlutauppgjör 30.06.2018

Sviðsstjóri fjármála og reksturs lagði fram og kynnti sex mánaða uppgjör félagsins 30. júní 2018. Árshlutauppgjörið er hvorki kannað né endurskoðað af endurskoðendum félagsins.

Rekstrartekjur eru lægri en áætlun gerði ráð fyrir á tímabilinu, þar vegur þyngst að fargjöld eru ekki að skilað sér í samræmi við þá áætlun sem lagt var upp með við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið.

Stjórn staðfesti árshlutauppgjör 30.06 2018 með undirskrift sinni.

### 3. Forsendur fjárhagsáætlunar 2019

Umfjöllun um drög að forsendum fjárhagsáætlunar 2019-2023

### 4. Vagnakaup

Theodór Kjartansson, lögmaður á skrifstofu borgarlögmanns Reykjavíkur, kom á fundinn og fór yfir minnisblað um uppgjör á tafabótum vegna seinkunar á afhendingu rafvagna í samræmi við ákvæði 0.4.3 í Örútboðsgögnum nr. II frá maí 2018, þar sem fram kemur að söluaðili skuli greiða kaupanda tafabætur ef vagnar eru ekki afhentir samkvæmt ákvæði í kaupsamningi.

## 5. Greiðslukerfi

Daði Ingólfsson, ráðgjafi hjá Roanuz ehf., fór yfir tillögu að framtíðargreiðslukerfi fyrir Strætó, sem hefði það megin markmið að gera viðskiptavinum Strætó auðveldara að greiða fyrir þjónustuna, auka öryggi greiðslu og létta álagi af vagnstjórum er varðar móttöku á greiðslu.

## 6. Vetnisverkefnið

Áframhaldandi umfjöllun um stöðu vetnisverkefnis á vegum Evrópusambandsins sem gengur undir nafninu „Joint Initiative for hydrogen Vehicles across Europe" (JIVE II FCH-JU EU) og var síðast til umfjöllunar á fundi stjórnar 4. maí 2018, þar sem framkvæmdastjóra var heimilað að halda áfram með verkefnið og gerð útboðsgagna.

Stjórn samþykkti að óska eftir að framkvæmdastjóri tæki saman nánari gögn varðandi verkefnið. Einnig var óskað eftir að framkvæmdastjóri NýOrku kæmi á fund stjórnar og kynnti verkefnið.

## 7. Starfsáætlun stjórnar

Umræður um starfsáætlun stjórnar.

Stjórn samþykkti að lögð verði fram uppfærð starfsáætlun á næsta reglulega fundi stjórnar í samræmi við umræður.

## 8. Önnur mál

a. Erindi, Borgarstjórn Reykjavíkur – Tillaga borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um stofnun félags strætófarþega, dagsett 21. júní 2018. Lagt fram.

Fleira var ekki tekið fyrir.
Fundi slitið: kl. 13:00

**Fylgiskjöl:**

- Árshlutauppgjör 30.06.2018
- Kynning á árshlutauppgjöri 30.06.2018
- Erindi, Borgarstjórn Reykjavíkur, dagsett 21. júní 2018

| | |
|---|---|
| Björg Fenger | Hjálmar Sveinsson |
| Helga Ingólfsdóttir | Sigrún Edda Jónsdóttir |
| Karen Halldórsdóttir | Ásgeir Sveinsson |

# Fundargerð – leiðrétt eintak

84. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 17. ágúst 2018 kl. 11:30 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mæting:
**Reykjavík:**
Sigurborg Ósk Haraldsdóttir
Eyþór Laxdal Arnalds
**Kópavogsbær:**
Bergljót Kristinsdóttir
Helga Hauksdóttir
**Hafnarfjarðarbær:**
Bjarney Grendal Jóhannesdóttir
Ólafur Ingi Tómasson
**Garðabær:**
Harpa Þorsteinsdóttir
**Mosfellsbær:**
Sveinn Óskar Sigurðsson
**Seltjarnarnesbær:**
Ragnhildur Jónadóttir
Þorleifur Örn Gunnarsson
**Kjósarhreppur:**
G. Oddur Víðisson

Sigurður Guðmundsson og Ásgeir Sveinsson boðuðu forföll.
Einnig sátu fundinn fulltrúar fagráðs þeir Haraldur Sigurðsson, Birgir H. Sigurðsson og Ólafur Melsted.

Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins ritaði fundargerð.

1. **Kosning stjórnar svæðisskipulagsnefndar**
Aldurforseti nefndar lagði fram tillögu að stjórn svæðisskipulagsnefndar 2018-2022 verði þannig skipuð:

*Formaður: Sigurborg Ósk Haraldsdóttir*
*Varaformaður: Helga Hauksdóttir*
*Ritari: Sigurður Guðmundsson*

*Niðurstaða:*
*Samþykkt samhljóða. Sveinn Óskar sat hjá.*

Sigurborg Ósk tók við fundarstjórn.

2. **Kosning framkvæmdanefndar svæðisskipulagsnefndar**
Formaður lagði fram tillögu að í framkvæmdanefnd svæðisskipulagsnefndar 2018-2022 verði auk stjórnar:

*Eyþór Laxdal Arnalds*
*Ólafur Ingi Tómasson*
*Ásgeir Sveinsson*
*Ragnhildur Jónsdóttir*

*Niðurstaða:*
*Samþykkt samhljóða.*

3. **Starf svæðisskipulagsnefndar**

Gildandi svæðisskipulag er stefna um þróun höfuðborgarsvæðisins sem studd er ýmsum aðgerðum sem svæðisskipulagsnefnd er ætlað að sjá til að komist til framkvæmda. Flestar aðgerðirnar eru ótímasettar. Að loknum sveitarstjórnarkosningum eru tvö verkefni sem svæðisskipulagsnefnd er ætlað að vinna í beinu framhaldi:

a) Vinna fjögurra ára þróunaráætlun en með henni er lögð áhersla á að samræma áætlanir sveitarfélaganna um uppbyggingu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis, samgönguframkvæmdir auk annarra aðgerða.
b) Meta hvort þörf sé að endurskoða svæðisskipulagið í heild sinni sbr. 26. gr skipulagslaga.

Hvoru tveggja þarf svæðisskipulagsnefnd að vinna í breiðu samtali við aðildarsveitarfélögin.

*Niðurstaða:*
*Formanni og svæðisskipulagsstjóra falið að móta tillögur að dagskrá svæðisskipulagsnefndar næstu mánuði í samræmi við umræður á fundinum.*

4. **Svæðisskipulagið Höfuðborgarsvæðið 2040: Breyting á vaxtamörkum á Álfsnesi** / *málsnr. 1712001.*

Vinnslutillaga sbr. 3. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Hrafnhildur Brynjólfsdóttir skipulagsráðgjafi hjá Alta kynnti tillöguna.

Svæðisskipulagsnefnd samþykkti verkefnislýsingu þann 8. desember 2017. Í kjölfar hennar vann VSÓ sérstaka úttekt á framboði atvinnu- og iðnaðarlóða. Meginniðurstöður þeirrar úttektar voru kynntar svæðisskipulagsnefnd 4. maí. sl. Þá kynnti Orkustofnun nefndinni stöðu efnistökusvæða á hafsbotni í Faxaflóa og Hvalfirði. Þar var m.a. greint frá fyrirhugaðri vinnu við endurnýjun starfsleyfa. Kjósarhreppur er mjög mótfallinn efnistöku á botni Hvalfjarðar og hefur mótmælt því við Orkustofnun að starfsleyfi Björgunar sem renna út árið 2019 verði endurnýjuð nema að undangegnu umhverfismati og sérstakri umsögn Kjósarhrepps.

*Niðurstaða:*
*Svæðisskipulagsnefnd samþykkir að kynna drög að tillögu að breytingum á vaxtamörkum á Álfsnesi, samhliða drögum að aðalskipulagsbreytingu Reykjavíkur um að stækka núverandi iðnaðarsvæði á Álfsnesi undir efnisvinnslu. Svæðisskipulagsnefnd bendir á að ýmis álitaefni eru enn til skoðunar og kalla á nánara samtal við aðila s.s. Minjastofnun og nágrannasveitarfélög.*

Sveinn Óskar leggur fram eftirfarandi bókun
*Fulltrúi Mosfellsbæjar áréttar að litið sé til ábendinga Minjastofnunar sem liggja fyrir varðandi áforma um staðsetningu Björgunar á Álfsnesi og að sérstök kynning verði á málinu í Mosfellsbæ.*

*Staðsetning á þessari starfsemi, sem er vissulega mikilvæg, þarf að vera valin í fullri sátt við samfélagið í Mosfellsbæ. Það gæti vel komið til að Álfsnesið henti ekki undir þessa starfsemi og verður að líta til þess.*

5. **Svæðisskipulagið Höfuðborgarsvæðið 2040: Framlenging á frestun gildistöku vatnsverndar í Mosfellsdal** / *málsnr. 1806002*

Sú afmörkun vatnsverndar sem bundin er í svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins var unnin sem afmarkað verkefni undir sérstökum stýrihópi fulltrúa sveitarfélaga ásamt heilbrigðisnefndum. Í gildi er sérstök samþykkt um vatnsverndarsvæðin sem byggir á reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn og reglugerð nr. 769/1999 um varnir gegn mengun vatns. Þáverandi umhverfisráðherra Sigrún Magnúsdóttir staðfesti vatnsverndarsamþykktina.

Í endurskoðunarferlinu var ákveðið að láta sömu viðmið um afmörkun svæða gilda til allra skilgreindra vatnsbóla. Við þetta stækkuðu vatnsverndarsvæðin í Mosfellsdal margfalt með tilheyrandi árekstrum við núverandi landnotkun, sérstaklega Þingvallaveg sem liggur um mitt brunnsvæði Laxnesdýja samkvæmt nýrri skilgreiningu. Til að bregðast við þessari stöðu var ákveðið að fresta gildistöku nýrrar vatnsverndar í Mosfellsdal um þrjú ár til að veita Mosfellsbæ nauðsynlegt svigrúm til að finna viðbótarathuganir sem varða framtíð vatnstöku sveitarfélagsins og ákvörðun um hvort vatnstöku verði framhaldið í Mosfellsdal.

Þessi frestur rann út í lok júní en áður en að því kom barst erindi frá Mosfellsbæ þar sem óskað er eftir viðbótarfresti þar sem þriggja ára svigrúmið hafi ekki verðið nægjanlegt til að ljúka viðbótarathugunum.

*Niðurstaða:*
*Svæðisskipulagsnefnd vísar erindinu til samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu á höfuðborgarsvæðinu.*

6. **Aðalskipulag Kjósarhrepps: Endurskoðun** / *málsnr. 1702001*
Auglýst tillaga lögð fram til umsagnar sbr. 31. gr. skipulagslaga.

Allt land Kjósarhrepps er utan vaxtarmarka og fellur í dreifbýlisflokk svæðisskipulagsins. Stefna svæðisskipulags snýr í megindráttum að borgarumhverfinu. Þar er þó einnig að finna nokkur atriði sem beint er sérstaklega að dreifbýlinu s.s. varðveisla góðs landbúnaðarlands og náttúruríks umhverfis, einnig að tryggt sé gott aðgengi að útivistarstígum og svæðum. Þau eru:

Í tillögu að aðalskipulagi Kjósarhrepps er mörkuð skýr stefna um þessi atriði. Stefna um varðveislu góðs ræktarlands sem byggir á flokkun landbúnaðarlands sem unnin var sérstaklega í tengslum við skipulagsvinnuna.

*Niðurstaða:*
*Svæðisskipulagsnefnd telur tillögu að aðalskipulagi Kjósarhrepps 2017-2029 vera í góðu samræmi við stefnu svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins. Nefndin lýsir sérstakri ánægju með að við mótun tillögunar var farið í að kortleggja og flokka landbúnaðarland og mótuð sé stefna um verndum góðs ræktarlands.*

7. **Aðalskipulag Reykjavíkur: KR svæðið** / *málsnr. 1805001*
Verklýsing lögð fram til umsagnar sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Skiplagsbreytingin er tilkomin vegna hugmynda um að skapa rými fyrir hátt í 20 þúsund fermetra húsnæðis (íþróttamannvirki þá undanskilin), í 3-4 hæða byggingum sem yrðu áfastar fyrirhugaðri áhorfandastúku við KR völlinn. Í verkefnislýsingunni kemur fram að endanlegt byggingarmagn verði ákveðið í skipulagsferlinu með teknu tilliti til umferðarsköpunar og umhverfisárhrifa.

Til að þessar hugmyndir nái fram að ganga verður að breyta skilgreiningu á landnotkun þannig að í jaðri íþróttasvæðis verði afmarkað svæði undir verslunar- og þjónustusvæði, íbúðarbyggð eða sambærileg landnotkun sem er við hæfi fyrir fyrirhugaða uppbyggingu.

*Niðurstaða:*
*Svæðisskipulagsnefnd bendir á að umrætt svæði er innan samgöngu- og þróunaráss sem skilgreindur var nýverið með sérstakri breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Með breytingunni var einnig sett fram ákvæði um uppbyggingu á þróunarásum sem sveitarfélögin þurfa að útfæra í aðalskipulagi. Eðlilegt er að Reykjavíkurborg horfi til þeirra ákvæða við mótun skipulagstillögunnar.*

*Ragnhildur lagði fram eftirfarandi bókun:*
*Hætta er á að þessi framkvæmd muni auka umferðarþunga og -álag til og frá Seltjarnarnesi og tryggja þarf að ekki verði þrengt frekar að umferðinni.*

8. **Aðalskipulag Reykjavíkur: Sjómannaskólareitur, Veðurstofuhæð** / *málsnr. 1805002*
Verklýsing lögð fram til umsagnar sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Sú breyting á aðalskipulagi sem nú er ráðist í snýr að skilgreindum þróunarreitum sem báðir eru innan vaxtarmarka og á nýlega skilgreindum samgöngu- og þróunarásum. Með breytingunni er ætlunin að rýmka uppbyggingarheimildir.

*Niðurstaða:*
*Svæðisskipulagsnefnd bendir á að umrædd svæði er innan samgöngu- og þróunaráss sem skilgreindur var nýverið með sérstakri breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Með breytingunni var einnig sett fram ákvæði um uppbyggingu á þróunarásum sem sveitarfélögin þurfa að útfæra í aðalskipulagi. Eðlilegt er að Reykjavíkurborg horfi til þeirra ákvæða við mótun skipulagstillögunnar.*

9. **Aðalskipulag Reykjavíkur: Sundahöfn, stækkun hafnarsvæðis** / *málsnr. 1806001*
Verklýsing lögð fram til umsagnar sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Breytingin er tilkominn vegna áforma Faxaflóahafna um að stækka hafnarsvæðið í Sundahöfn með landfyllingum á tveimur stöðum. Annars vegar er um að ræða lítilsháttar stækkun á áður ráðgerðum landfyllingum við Skarfabakka-Kleppsbakka, sem nemur um 2 ha. Hinsvegar er ráðgert að stækka hafnarsvæðið á nýrri landfyllingu við Klettagarða um 2,5- 3 ha. Í báðum tilvikum er um að ræða stækkun hafnarsvæðis útfrá áður gerðum landfyllingum og því verður náttúrlegri strandlengju ekki raskað né gengið á skilgreind verndarsvæði.

Í svæðisskipulaginu kemur fram að Sundahöfn sé megin vöruflutningahöfn höfuðborgarsvæðisins og landsins alls. Hún er megingátt vöruflutninga til og frá Íslandi og hefur mikilvægt hlutverk í vörudreifingu fyrir höfuðborgarsvæðið allt.

*Niðurstaða:*
*Svæðisskipulagsnefnd gerir engar athugasemdir við verkefnislýsinguna.*

10. **Aðalskipulag Reykjavíkur: Iðnaður og önnur landfrek starfsemi** / *málsnr. 1802001*
Verklýsing lögð fram til umsagnar sbr. 1. mgr. 30. gr skipulagslaga.

Tilgangur með gerð rammahluta aðalskipulags er að leggja meginlínu í skipulagi Hnoðraholts og Vífilsstaðalands með það að markmiði að ákvarða nánar um landnotkun, svo sem meginþætti þjónustukerfa og að afmarka byggingarsvæði og/eða áfanga deiliskipulagsáætlana. Rammahluti aðalskipulags hefur lögformlegt gildi og gildir sama málsmeðferð og um aðalskipulag. Af þeim sökum kemur til umsagnar svæðisskipulagsnefndar.

Í verkefnislýsingunni koma tengslin við svæðisskipulagið glögglega fram og að skipulagsvinnan þurfi að taka mið að því.

*Niðurstaða:*
*Svæðisskipulagsnefnd gerir engar athugasemdir við verkefnislýsinguna.*

11. **Aðalskipulag Garðabæjar: Vífilstaðaland** / *málsnr. 1807001*

Verklýsing lögð fram til umsagnar sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Tilgangur með gerð rammahluta aðalskipulags er að leggja meginlínu í skipulagi Hnoðraholts og Vífilsstaðalands með það að markmiði að ákvarða nánar um landnotkun, svo sem meginþætti þjónustukerfa og að afmarka byggingarsvæði og/eða áfanga deiliskipulagsáætlana. Rammahluti aðalskipulags hefur lögformlegt gildi og gildir sama málsmeðferð og um aðalskipulag. Af þeim sökum kemur til umsagnar svæðisskipulagsnefndar.

Í verkefnislýsingunni koma tengslin við svæðisskiplagið glögglega fram og að skipulagsvinnan þurfi að taka mið að því.

*Tillaga að afgreiðslu svæðisskipulagsnefndar:*
*Svæðisskipulagsnefnd gerir engar athugasemdir við verkefnislýsinguna.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:40.

**Tillaga Garðabæjarlistans um framsetningu forgangsröðunar stefnumála meirihlutans**
**Flutningsmaður: Sara Dögg Svanhildardóttir**

Garðabæjarlistinn leggur fram tillögu þess efnis að meirihlutinn leggi fram áætlun um forgangsröðun stefnumála sinna fyrir hvert starfsár kjörtímabilsins.

**Greinargerð**
Garðabæjarlistinn leggur áherslu á frekari samvinnu í bæjarstjórn. Einn liður í því er að leggja til að meirihlutinn leggi fram áætlun um forgangsröðun stefnumála sinna fyrir hvert starfsár kjörtímabilsins. Þannig má efla og treysta samstarf allra kjörinna fulltrúa en ekki síður gefa minnihluta meira svigrúm til þess að koma að þeim verkefnum sem fyrirhuguð eru og um leið nýta þá þekkingu og sýn sem fylgir því að fá fleiri að málum hverju sinni.

**Tillaga Garðabæjarlistans um víðtækara samráð og samvinnu.**
**Flutningsmaður: Sara Dögg Svanhildardóttir**

Garðabæjarlistinn leggur fram tillögu um aukið samráð og samvinnu meiri- og minnihluta í allri vinnu við fjárhagsáætlun bæjarins. Þannig að fulltrúar minnihlutans í bæjarstjórn sitji alla vinnufundi allt frá upphafi ferlisins til loka þar með talið fundi með sviðsstjórum.

**Greinargerð**
Víðtækt samráð og samvinna eru þættir sem kallað er eftir í samfélaginu öllu.
Að unnið sé að því markvisst að fá fram ólík sjónarhorn og áherslur í vinnu sem við kemur öllum íbúum telur Garðabæjarlistinn afar góða skýrskotun í slíkt ákall. En ekki síður að slík vinnubrögð séu afar farsæl leið til að skapa víðtækan samhljóm frá áætlunargerð kjörinna fulltrúa til stjórnsýslunnar þ.e. til þeirra sem leiða pólitískar áherslur til framkvæmda. Með því að hafa alla kjörna fulltrúa við borðið frá upphafi við vinnu eins og fjárhagsáætlunargerð sem snertir okkur öll þegar til framkvæmda kemur er frábært tækifæri til ennþá lýðræðislegri vinnubragða sem um leið ýtir enn frekar undir víðtæka sátt um þær áherslur sem liggja fyrir. Við erum öll kosin til þess að leiða Garðabæ áfram veginn. Slíkt skiptir máli þegar ráðstafa á fjármunum úr sameiginlegum sjóðum. Því hvetur Garðabæjarlistinn til þessarar nýbreytni í vinnulagi bæjarstjórnar í Garðabæ. Nútímalegri vinnubrögð þar sem ýtt er undir enn frekari sátt og forsendur til öflugs starfs í þágu allra íbúa í alvöru samvinnu allra kjörinna fulltrúa í bæjarstjórn.

Til bæjarstjórnar

**Tillaga um lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga**

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 750.000.000, með lokagjalddaga þann 5. maí 2033, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér.
Bæjarstjórnin samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.
Er lánið tekið til fjármögnunar á byggingu á grunnskóla í Urriðaholti sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.
Jafnframt er Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar kt. 250555-4079, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Garðabæjar að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.